# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

269. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 15. NÓVEMBER 2017




Á meðan íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætti landsliði Katar á heimavelli héldu knattspyrnustjörnur framtíðarinnar út á Vivaldivöllinn í vetrarkuldanum. Þeir létu haglélið ekki á sig fá, enda keppnisskapið mikið. Karlalandsliðið gerði jafntefli en á Seltjarnarnesi í gær voru allir þeir sem mættu Vetri konungi sigurvegarar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mál sjómanna í skattaskjólum niðurfelld

**Skattrannsóknarstjóri kærir ákvörðun héraðssaksóknara um að fella niður 60 mál er varða meint skattalagabrot. Skattstofn málanna nemur tæpum 10 milljörðum. Héraðssaksóknari segir málin ekki hafa verið líkleg til sakfellingar. Mörg mál varða íslenska sjómenn.**

**SKATTAMÁL** Héraðssaksóknari hefur fellt niður 60 mál sem skattrannsóknarstjóri vísaði til embættisins eftir rannsókn á gögnum um fjármuni Íslendinga í skattaskjólum. Undandregnir skattstofnar í umræddum málum námu tæplega tíu milljörðum króna. Málin ná allt aftur til ársins 2012 og varða flest íslenska sjómenn sem störfuðu hjá íslenskum útgerðum erlendis. Stóran þátt á einn aðili en vanframtaldar tekjur og fjármagnstekjur hans námu um 2,2 milljörðum.

Rannsóknirnar voru meðal annars byggðar á gögnum sem keypt voru í kjölfar Panama-lekans. Skattrannsóknarstjóri hefur mánuð til þess að kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara.

„Við sendum 152 mál til embættis héraðssaksóknara. Nú þegar hafa 60 mál verið felld niður og óvíst er með rest. Það er verið að taka ákvörðun um hvort við kærum ákvörðunina til ríkissaksóknara, en einhver mál verða kærð – það liggur fyrir,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri. „Þetta er mikil blóðtaka,“ bætir hún við, en rannsókn málanna var umfangsmikil.

Alls varða 34 þessara mála tekjur Íslendinga vegna starfa þeirra erlendis. Í heildina nema vanframtaldar tekjur um 5,7 milljörðum og vanframtaldar fjármagnstekjur rúmum fjórum milljörðum.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari segir að litið hafi verið til dómafordæma við ákvörðunina. Vísar hann þar til máls Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar en Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í maí að íslenska ríkið hefði brotið á þeim þegar Hæstiréttur dæmdi þá fyrir skattalagabrot árið 2013. Hinn dómurinn varðar mál Braga G. Kristjánssonar, sem dæmdur var fyrir meiriháttar skattalagabrot í héraði, en Hæstiréttur ákvað að fresta máli hans á meðan beðið væri eftir dómi Mannréttindadómstólsins.

„Við þurftum að bíða eftir niðurstöðum þessara dóma,“ segir Ólafur. „Í ljósi þessara dóma höfum við metið það sem svo að málin séu ekki líkleg til sakfellingar,“ segir hann. **– sks**

## Hár kostnaður á fyrstu árunum

**VIÐSKIPTI** Kostnaðarhlutfall í samningum um lífeyristryggingar umboðsaðila þýska tryggingafélagsins Allianz hér á landi er að meðaltali tæp 25 prósent á ári fyrstu fimm ár samningstímans ef samið er til meira en 40 ára. Innlendir keppinautar umboðsaðila erlendra lífeyristrygginga benda á að hefðbundinn séreignarsparnaður og lífeyristryggingar séu ólík sparnaðarform sem séu lögð að jöfnu við markaðssetningu.

Framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi segir ekki þýða að líta eingungis til kostnaðar við samning fyrstu ár samningstímans. Mestu skipti hvað viðskiptavinurinn fái greitt til baka í samningslok. Ólíkt innlendum vörsluaðilum sýni Allianz viðskiptavinum með nákvæmum hætti hver þróun lífeyristryggingarinnar verður. **– kij /** **sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ingimundur Gíslason vill ellismelli á Alþingi. 14

**SPORT** Margir leikmenn ollu vonbrigðum í Katar. 18

**MENNING** Heimildarmyndin Varnarliðið – Kaldastríðsútvörður verður frumsýnd í kvöld. 38

**LÍFIÐ** Borgarráð Reykjavíkur hefur fengið tíu umsagnir um tónlistarhátíðina Secret Solstice og þar kemur ýmislegt miður fallegt í ljós. 26




**PLÚS SÉRBLAÐ**
● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Fremur hæg suðlæg átt í dag með rigningu eða slyddu suðaustanlands, þurrt að kalla fyrir norðan, en annars dálítil él. Frostlaust syðra, en annars nálægt frostmarki. SJÁ SÍÐU 20

## Græja sendingar Amazon



Um 1.500 manns vinna í nýrri birgðastöð vefverslunarrisans Amazon í Dortmund. Það fellur í hlut starfsmanna að búa um sendingar fyrirtækisins áður en þær fara til kaupenda. Þessi tiltekna starfsstöð er ein af fjölmörgum sem fyrirtækið rekur víða um heim. Amazon hefur notið gríðarlegrar velgengni undanfarin misseri og er talið að markaðsvirði fyrirtækisins gæti farið yfir milljón milljónir dollara á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sektaðir fyrir Borat-skýlur

**KASAKSTAN** Sex tékkneskir ferðamenn voru sektaðir á dögunum fyrir að klæðast engu öðru en „mankini“ á almannafæri í Kasakstan. Athæfi mannanna þótti fara út fyrir þarlend velsæmismörk.

Mankini er sundskýla sem teygist yfir geirvörtur og axlir þess sem henni klæðist. Slíkar skýlur náðu vinsældum eftir að kvikmyndin Borat, þar sem breski grínistinn Sasha Baron Cohen leikur kasakska dagskrárgerðarmanninn Borat, kom út. Í myndinni klæddist aðalsöguhetjan slíkri skýlu. Myndin var bönnuð í Kasakstan.

Auk þess að spóka sig í mankiniskýlum voru mennirnir sex með svartar krulluhárkollur svo að þeir minntu mjög á Borat. Þeir fengu hver um sig sekt upp á 22.500 tenge, andvirði um 5.600 íslenskra króna, fyrir athæfið. – jóe



Leitarbátar voru kallaðir út vegna símtalsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Handteknar í kjölfar símaats í 112

**LÖGREGLUMÁL** Viðbragðsaðilar voru ræstir út á níunda tímanum í gærkvöld eftir að Neyðarlínunni barst tilkynning um að maður hefði farið í sjóinn við Sæbraut. Um símaat var að ræða. Málið er litið alvarlegum augum en tvær konur á fertugsaldri voru handteknar vegna þessa.

„Þetta er bara gabb. Einhver að gera at í lögreglu og gera at í viðbragðsaðilum. Búið er að handtaka viðkomandi og hann er á leiðinni í skýrslutöku,“ segir Rafn Hilmar Guðmundsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Leitarmenn á bátum, sjúkraflutningamenn og lögreglumenn voru kallaðir út til leitarinnar en leitin var afturkölluð þegar í ljós kom hvernig var í pottinn búið. – hh

#farasparabara

Spa eða Spánn?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu og þeim óvæntu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað.

íslandsbanki.is/farasparabara

# Alvarleg trampólínslys mun algengari en áður

Alvarlegum trampólínslysum hefur fjölgað gífurlega í haust þar sem börn þurfa á aðgerð að halda og ekki ljóst hvort þau nái sér öll að fullu. Herdís Storgaard hjá Slysavarnahúsi segist hafa fengið fjölda ábendinga foreldra vegna eins fyrirtækis.

**VELFERÐ** Í september og október á þessu ári komu 50 trampólíntengd slys inn á bráðamóttöku Landspítalans samanborið við aðeins átta slys á sama tímabili í fyrra. Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum, segir mörg alvarleg slys koma úr sérhönnuðum leikjagarði fyrir börn og fullorðna sem hóf starfsemi sína í lok sumars.

„Við höfum tekið eftir mikilli aukningu á trampólínslysum miðað við það sem áður hefur verið. Við sjáum marga þeirra sem koma til okkar koma úr þessum trampólíngarði sem kallast Partý húsið. Þetta haust erum við að sjá allt að tíföldun á einstökum vikum en þetta hafa verið afar árstíðabundin slys,“ segir Jón Magnús. „Þetta hefur oft byrjað í apríl og svo tekið dýfu aftur í ágúst. Við erum að sjá þetta halda núna áfram inn í veturinn og mörg slys koma frá einum stað.“

Jón Magnús segir einnig að slysin séu alvarlegri þar sem líkur eru á að börn jafni sig aldrei að fullu eftir þessi slys. „Bæklunarlæknar okkar eru sammála um að endurtekin alvarleg trampólínslys hafa aukist mjög mikið í haust. Þá erum við að tala um alvarleg beinbrot og höfuðáverka. Börn sem hafa lent í þeim slysum hafa sum þurft á aðgerð að halda þar sem ekki er útséð með að börnin nái sér að fullu.“

Fréttablaðið reyndi að leita skýringa hjá fyrirtækinu. Framkvæmdastjórinn sagði að eigandinn svaraði spurningum sem þessum. Þegar fréttamaður óskaði þess að fá samband við eigandann eða fá símanúmer hans var símtalinu slitið.

Herdís Storgaard hjá Slysavarnahúsi segist hafa fengið nokkrar athugasemdir frá foreldrum eftir viðskipti við fyrirtækið. „Ný afþreying fyrir börn og fullorðna sprettur hratt upp um þessar mundir og því þurfa stjórnvöld að hlúa mun betur að þessum málaflokki. Ég hins vegar fullyrði að stjórnvöld hafa engan áhuga á slysavörnum á Íslandi í dag, það er miður,“ segir Herdís. „Ég hef fengið þó nokkrar ábendingar um þetta fyrirtæki frá foreldrum. Vandamálið er hins vegar stjórnvalda. Kröfur þeirra eru takmarkaðar og áhuginn virðist vera lítill.“

sveinn@frettabladid.is



Margir koma á Landspítala eftir trampólíntengd slys. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Börn sem hafa lent í þeim slysum hafa sum þurft á aðgerð að halda þar sem ekki er útséð með að börnin nái sér að fullu.



Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítala

> Stjórnvöld hafa engan áhuga á slysavörnum á Íslandi í dag, það er miður.



Herdís Storgaard, verkefnastjóri hjá Slysavarnahúsi

NÁKVÆMNI

精度

Hver einasti Lexus er afrakstur vinnu mörg hundruð handverksmanna.
Hver og einn þeirra þarf að standast tíu þrepa próf í nákvæmni, aga
og fagmennsku til að verða fullgildur í starfið.

**ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD**



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Arion afskrifar tæpa fjóra milljarða króna vegna United Silicon

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur afskrifað 3,7 milljarða af átta milljarða lánveitingu sinni til United Silicon. Áður hafði bankinn afskrifað hlutafé sitt í fyrirtækinu sem nam 1,1 milljarði króna. Þetta kemur fram í uppgjöri bankans fyrir fyrstu þrjá fjórðunga ársins 2017.

Í uppgjörinu kemur einnig fram að hagnaður bankans á tímabilinu nam 10,4 milljörðum króna samanborið við 17,3 milljarða á sama tímabili í fyrra. Sé aðeins litið til þriðja ársfjórðungs þá var afkoma bankans neikvæð sem nemur um hundrað milljónum króna samanborið við 7,5 milljarða hagnað á fjórðungnum í fyrra. Ástæðan fyrir því eru áðurnefndar afskriftir vegna United Silicon.

Heildareignir bankans í lok september voru tæpir 1.145 milljarðar króna og hafa þær aukist um 109 milljarða króna frá áramótum. Eigið fé hluthafa í bankanum nam tæpum 222 milljörðum króna og hefur það aukist um ellefu milljarða frá upphafi árs. Eiginfjárhlutfall bankans var 27 prósent og er óbreytt frá í upphafi árs.

Í tilkynningu frá bankanum segir að efnahagur bankans sé sterkur og að mikil áhersla hafi verið lögð á að tryggja lausafjárstöðu í tengslum við afnám fjármagnshafta og afborganir skuldabréfa sem eru á gjalddaga í upphafi næsta árs.


Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er um ár síðan verksmiðja United Silicon var gangsett og fljótlega kom í ljós að óreiða var á starfsemi félagsins. Nú liggur jafnframt fyrir að verksmiðjan var ekki fullkláruð þegar hún var gangsett,“ segir Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, í yfirlýsingu.

„Neikvæð áhrif vegna United Silicon nema ríflega 2% af eigin fé bankans og niðurfærsla lána nemur innan við 0,4% af lánabók bankans.“ – jóe


Evrópuþingmenn vilja meira gagnsæi.

## ESB vill lista yfir skattaskjól

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Hópur Evrópuþingmanna leggur áherslu á að öll aðildarríki Evrópusambandsins, ESB, flýti sér að búa til svartan lista yfir skattaskjól og staði sem notaðir eru til peningaþvættis.

Þingmennirnir segja að breyta þurfi lögum sé þess þörf til að koma í veg fyrir að menn greiði ekki til samfélagsneyslunnar. Þeir benda á að greiða eigi skatta þar sem menn þéna peningana. Þörf sé á meira gegnsæi varðandi viðskipti fyrirtækja og skattaskil.

Umræðan um skattaskjól hófst á ný í kjölfar leka á gögnum, svokölluðum Paradísarskjölum, frá lögmannsstofunni Appleby sem er með aðalstöðvar á Bermúda. 13,4 milljónum skjala var lekið. – ibs

## Auðmenn vilja hærri skatta

**BANDARÍKIN** Yfir 400 bandarískir milljónamæringar og milljarðamæringar hafa í bréfi til bandaríska þingsins hvatt Repúblikanaflokkinn til að hverfa frá áætlunum um að lækka skatta hjá þeim sem ríkastir eru.

Hópurinn, Responsible Wealth, segir slíkar áætlanir auka á ójöfnuð og auka skuldir. Í staðinn eigi að hækka skatta hjá þeim efnameiri. Meðal þeirra sem hafa undirritað bréfið eru læknar, lögmenn, frumkvöðlar og forstjórar.

Donald Trump Bandaríkjaforseti og þingmenn Repúblikanaflokksins hafa sagt að skattalækkanir hjá þeim efnameiri stuðli að innspýtingu í efnahagskerfið og auki fjárfestingar. – ibs

# Ágreiningur gæti orðið um atvinnumál og umhverfismál

**Þingmenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna eru bjartsýnir á stjórnarmyndunarviðræðurnar sem hófust formlega í gær. Telja stjórn flokkanna geta aukið stöðugleika í stjórnmálum. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins telur að mögulega geti orðið ágreiningur um atvinnuuppbyggingu og umhverfismál.**

**STJÓRNMÁL** Þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, VG og Framsóknarflokksins sem Fréttablaðið hefur rætt við eru nokkuð bjartsýnir á stjórnarmyndunarviðræðurnar sem hófust formlega í gær. Þeir telja að stjórnarsamstarf þessara flokka sé besti möguleikinn til að auka stöðugleika í stjórnmálunum. Að þeirra mati er engin önnur ríkisstjórn líklegri til að geta setið út fjögurra ára kjörtímabil.

Fulltrúar flokkanna í viðræðunum hófu fundahöld um klukkan hálftíu í gær. „Við ætlum að teikna upp ramma stjórnarsáttamálans þannig að við einbeitum okkur að útlínunum á honum og hvaða atriði það eru sem þurfa að komast að en síðan verður framhaldið að fylla inn í boxið,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Formenn flokkanna hafa sagt að það sé möguleiki á að ná samstöðu um ýmis brýn mál. Innviðafjárfesting, stöðugleiki á vinnumarkaði og möguleg aðkoma ríkisstjórnarinnar að kjaraviðræðum eru á meðal þeirra mála sem sett verða á oddinn.

En það þarf líka að snerta á nokkrum viðkvæmum málum, komi til samstarfs. Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins nefndi að ágreiningur gæti komið upp um atvinnumál og umhverfismál. Þar gæti til dæmis verið tekist á um uppbygginguna fiskeldis og uppbyggingu stóriðju. Þá hafa þessir flokkar ekki alltaf verið samstíga í utanríkismálum, þótt afstaðan til Evrópusambandsins sé vel samrýmanleg.

„Skattamál,“ sagði einn þingmaður VG þegar Fréttablaðið spurði hann hvar gæti einna helst orðið erfitt fyrir flokkana að ná saman.


Formenn flokkanna funduðu í gær í þingflokksherbergi Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Ný ríkisstjórn þarf að leggja sitt af mörkum til að stuðla að sátt á vinnumarkaði, en kjarasamningar á almenna markaðnum eru lausir á næsta ári. „Við höfum dregið upp nokkuð skýra mynd af því hvað við teljum að þurfi að gera,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Annars vegar sé að bregðast við úrskurði kjararáðs frá því í fyrrahaust, sem hafi torveldað allt samtal á vinnumarkaðnum. Hingað til hafi Píratar þó verið eini þingflokkurinn sem vill að Alþingi bregðist við þeim hækkunum sem þá voru samþykktar. Þá segir Gylfi að sameiginlegur áhugi sé á að taka upp vinnumarkaðslíkan að norrænni fyrirmynd. ASÍ telur hins vegar að samhliða þurfi að byggja upp norrænt velferðarkerfi.

„Það er lögð áhersla á að tryggja stöðugleika á félagslega sviðinu. Þar höfum við dregið upp ýmis áherslu atriði, fyrir utan almenn velferðarmál; heilbrigðismál og menntamál. Atriði sem lúta að vinnumarkaðnum. Atvinnuleysisbætur eru í sögulegu lágmarki miðað við kaupgjald, fæðingarorlofið er langt undir meðaltekjum og ábyrgðarsjóður launa er ekki til að bæta launatap vegna þess að þar eru einhverjar hámarksviðmiðanir í engu samræmi við kaupgjald,“ segir Gylfi. jonhakon@frettabladid.is






# Fyrirkomulag innflutningstakmarkana dæmt ólögmætt tvisvar sama daginn

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið tapaði tveimur dómsmálum í gær sem varða innflutningstakmarkanir á erlendum landbúnaðarvörum. Annars vegar í Héraðsdómi Reykjavíkur og hins vegar fyrir EFTA-dómstólnum.

Í gærmorgun kvað EFTA-dómstóllinn upp þá niðurstöðu sína að innflutningstakmarkanir íslenskra laga á fersku kjöti, eggjum og mjólkurvöru brytu gegn ákvæðum EES-samningsins.

Um hádegisbil dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur síðan ríkið til að endurgreiða 355 milljónir króna til Haga, Sælkeradreifingar og Innness vegna ólögmætra tollkvóta. Þetta er í annað sinn á tveimur árum sem ríkið er dæmt til að endurgreiða ólögmætt útboðsgjald en það gerðist einnig í janúar í fyrra í Hæstarétti. Sömu þrjú fyrirtæki stóðu þá að málinu en upphæðin nam um hálfum milljarði króna.

Hæstiréttur taldi fyrir ári að með tollkvótunum væri ráðherra í raun falið skattlagningarvald. Ákvæðum laga var breytt í kjölfarið en héraðsdómari taldi framsal skattlagningarvalds enn vera of mikið.

„Íslenska ríkið hefur brotið gegn EES og um leið hagsmunum íslenskra neytenda með því að koma í veg fyrir innflutning á vörum sem hefði stuðlað að aukinni samkeppni og líklega lægra vöruverði,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hún segir að breyta þurfi lögunum.

„Að mati samtakanna mun niðurstaða dómsins að óbreyttu geta valdið íslenskum landbúnaði miklu tjóni og ógnað bæði lýðheilsu og búfjárheilsu. Ísland er ekki aðili að evrópskum tryggingarsjóðum sem bæta tjón ef upp koma alvarlegar sýkingar í landbúnaði og þyrfti ríkisvaldið ásamt bændum að bera slíkar byrðar,“ segir í yfirlýsingu frá Bændasamtökunum vegna niðurstöðu EFTA-dómstólsins. – jóe


Landbúnaðarráðherra segir að ríkið hafi ekki aðeins brotið gegn EES-samningnum heldur einnig gegn neytendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# BÍLAPARTÝ

**Fimm stjörnu veisla í tvær vikur á planinu! Glæsilegt úrval!**
**Veglegur afsláttur af völdum bílum! Fjör og frábær kjör! Spennandi partýleikur!**

TILBOÐ



59.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun.

**NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 05/17, ekinn 27 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990 þús. kr.

TILBOÐ: **4.590 þús. kr.**

## VINNUR ÞÚ BÍLINN?

TAKTU ÞÁTT Í SPENNANDI LEIK

VÍSBENDINGAR Á BILALAND.IS

Giskaðu á hve mikið bíllinn er ekinn og hann gæti orðið þinn!
Hann er til sýnis hjá Bílalandi, Klettháls 11
**Allar upplýsingar um leikinn á www.bilaland.is**

**OPIÐ Á LAUGARDAGINN FRÁ KL. 12–16**

ergo — Ergo býður upp á betri lánakjör í bílapartýinu!



66.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 153046

SUBARU Outback Lux
Nýskr. 11/15, ekinn 152 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990 þús. kr.
TILBOÐ: **3.290 þús. kr.**



29.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 370692

RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 10/14, ekinn 53 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.290 þús. kr.
TILBOÐ: **1.690 þús. kr.**



62.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 390266

KIA Sorento Ex
Nýskr. 02/16, ekinn 79 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.490 þús. kr.
TILBOÐ: **4.790 þús. kr.**



39.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 400144

HONDA CRV
Nýskr. 07/14, ekinn 49 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.590 þús. kr.
TILBOÐ: **2.990 þús. kr.**



39.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 390237

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 09/15, ekinn 73 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.090 þús. kr.
TILBOÐ: **2.690 þús. kr.**



36.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 144215

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 05/16, ekinn 67 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.190 þús. kr.
TILBOÐ: **2.790 þús. kr.**



33.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 400022

NISSAN X-Trail SE
Nýskr. 09/09, ekinn 101 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 1.880 þús. kr.
TILBOÐ: **1.280 þús. kr.**



26.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 400156

HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 04/15, ekinn 42 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 2.190 þús. kr.
TILBOÐ: **1.790 þús. kr.**



25.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 370494

RENAULT Megane Scenic III
Nýskr. 08/14, ekinn 68 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.290 þús. kr.
TILBOÐ: **1.490 þús. kr.**



30.000 kr.* á mán. m.v. 20% innborgun. Rnr. 144477

NISSAN Qashqai SE
Nýskr. 06/13, ekinn 98 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 2.290 þús. kr.
TILBOÐ: **1.790 þús. kr.**

**Bílapartýið stendur til 18. nóvember.**
**Allir velkomnir!**
**www.bilaland.is**

Bílaland, Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

*Miðað við Platinumkjör á óverðtryggðum bílasamningi Ergo með 20% innborgun.

ENNEMM / SÍA / NM84726


LÍNAN
BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
OPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is
HEKLA

Á jaðrinum?
Ráðstefna ReykjavíkurAkademíunnar og Reykjavíkurborgar um óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði

Föstudaginn 17. nóvember kl. 13:00-17:00
í Norræna húsinu

ReykjavíkurAkademían og Reykjavíkurborg blása til ráðstefnu föstudaginn 17. nóvember næstkomandi um óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði. Ráðstefnan er mikilvægur áfangi í umfangsmikilli úttekt RA á þessu vaxandi samfélagslega vandamáli og verða niðurstöður nýrra rannsókna kynntar. Dagskrána má sjá í heild sinni á heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar, www.akademia.is.

Efnisflokkar ráðstefnunnar eru þessir:
- Verkafólk og húsnæði á tímum alþjóðavæðingar
- Búseta í ólöglegu húsnæði á Íslandi – hvað segir tölfræðin?
- Tengsl vinnumarkaðar og óleyfisbúsetu

Aðalfyrirlesari er Gillian Young frá Newhaven Research í Skotlandi. Gillian er öflugur fræðimaður á sviði húsnæðismála og búsetu í óleyfilegu húsnæði, þá sérstaklega þegar kemur að búsetuskilyrðum erlends verkafólks. Aðrir fyrirlesarar koma frá Háskóla Íslands, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnun, Starfsgreinasambandi Íslands, ASÍ og Lögfræðistofu Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, setur ráðstefnuna.
Fundarstjóri: Linda Blöndal, dagskrárgerðarkona

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Léttar veitingar í boði.

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN Reykjavíkurborg

## Slysahætta á Holtinu



**Íbúar á Holtinu í Hafnarfirði eru hreint ekki sáttir við frágang vegna vinnu við gerð hljóðmanar við Byggðabraut. Þar hafa áltunnur verið steyptar í jörðina og standa steypustyrktarjárn upp úr þeim með tilheyrandi slysahættu. Verkið er á vegum Vegagerðarinnar en þegar fréttastofa leitaði upplýsinga um málið í gær kannaðist upplýsingafulltrúi ekki við áhyggjur íbúa á Holtinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ostabirgðir í landinu of miklar að mati MS

Ostabirgðir Mjólkursamsölunnar hafa aukist um 300 tonn á síðustu tólf mánuðum þrátt fyrir afsetningu á hrakvirði erlendis. Formaður stjórnar Auðhumlu segir heldur of mikið framleitt af próteini hér á landi miðað við sölutölur.

**LANDBÚNAÐUR** Rúmlega 1.550 tonn af osti og 400 tonn af smjöri eru nú skráð í birgðahald MS. Ostabirgðirnar hafa aukist um 300 tonn á síðustu tólf mánuðum en á sama tíma hefur fyrirtækið afsett 500 tonn til útflutnings á mjög lágu verði. Formaður stjórnar Auðhumlu segir framleitt heldur of mikið miðað við sölutölur.

Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs MS, segir í síðasta fréttabréfi til bænda að birgðir af osti séu í hærri kantinum og stöðugt sé verið að flytja út prótein í formi undanrennudufts. Segir hann framleiðslu á próteini ríflega 17 milljónum lítra meiri en innanlandssala.

„Það er heldur mikið framleitt miðað við sölu. Sennilega erum við að selja 145 milljónir lítra en framleiðslan verður í kringum 151 milljón lítra af mjólk,“ segir Egill Sigurðsson, formaður stjórnar Auðhumlu sem á Mjólkursamsöluna. „Það er heldur meira gap milli sölu og framleiðslu í próteininu og því þurfum við að afsetja það. Við erum að reyna að koma próteininu í verðmestu vöruna eins og skyr og selja það út þannig. En undanrennuduftið er á lágu verði og því fáum við lágt verð fyrir próteinið í því formi.“

> **Munur á útflutningsverði osts og því verði sem sést í verslunum hér á landi þarf ekki að koma á óvart.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Á sama tíma og ostabirgðir eru að aukast hafa fitubirgðirnar verið stöðugar á þessu ári. Hins vegar hefur MS selt um 500 tonn af smjöri og annað eins af osti til að lækka birgðastöðu sína. Verðið á smjörinu er um 350 krónur á hvert kíló en verðið á ostinum er aðeins 211 krónur hvert kíló. Egill segir ekki hægt að bera það verð saman við verðið í íslenskum verslunum. „Kannski er ólíku saman að jafna. Þegar ostur er kominn í neytendaumbúðir hefur verið lagður á hann virðisauki og álagning verslunar.“

„Munur á útflutningsverði osts og því verði sem sést í verslunum hér á landi þarf ekki að koma á óvart,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. „Í skjóli mjög hárra tolla á ost hér á landi geta innlendir framleiðendur haldið uppi verði sem er miklu hærra en heimsmarkaðsverð. Erlendir kaupendur myndu aldrei kaupa íslenskan ost á því verði sem Íslendingum stendur til boða.“

Ef ostbirgðir eru að safnast upp getur MS auðvitað nýtt tækifærið og lækkað verð á ostum til að auka eftirspurnina hér á landi.“ **– sa**




**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

TIL LEIGU LAUGAVEGUR 3

Eitt glæsilegasta veitingahúsnæði miðborgarinnar



Frábær staðsetning á mótum Laugavegs, Bankastrætis og Skólavörðustígs. Stórir gluggar að götu og góð lofthæð. Sögufrægt hús teiknað af Guðjóni Samúelssyni arkitekt.

Húsnæðið er með veitingaleyfi. Ýmsir nýtingamöguleikar og skipulag eftir eigin höfði, samtals 378 m$^2$

Nánari upplýsingar gefur Úlfar í síma 896-3876




Constantino Chiwenge hélt blaðamannafund í fyrradag og sagði Mugabe að frekari tiltekt yrði svarað með aðgerðum hersins. NORDIC PHOTOS/AFP

# Herinn ruddist inn á stræti höfuðborgarinnar

**SIMBABVE** Hermenn á skriðdrekum og brynvörðum bílum óku um götur Harare, höfuðborgar Simbabve, í gær. Fátt bendir enn til þess að um byltingu hafi verið að ræða heldur hafi herinn aðeins verið að sýna mátt sinn og megin.

Yfirmaður hersins, Constantino Chiwenga, varaði Robert Mugabe, forseta landsins og einræðisherra, við því á mánudag að halda áfram frekari hreinsunum í Zanu-flokknum. Héldu þær áfram myndi herinn grípa til aðgerða. Hótunin kom í kjölfar þess að Mugabe rak varaforseta landsins, Emmerson Mnangagwa, úr embætti í liðinni viku.

Mnangagwa hafði dagana á undan deilt ítrekað við Grace Mugabe, 52 ára gamla eiginkonu hins 93 ára forseta, en heimildir herma að Robert fýsi mjög að hún taki við embætti forseta þegar hann hættir.

Aðgerð hersins olli talsverðri ringulreið í landinu og töldu margir að tilraun til byltingar væri hafin. Aðrir gerðu því skóna að um æfingu væri að ræða. Nú virðist hins vegar ljóst að herinn hafi verið að ögra forsetanum.

Margir óttast viðbrögð forsetans. Það að grípa til aðgerða gæti sent herinn af stað en aðgerðaleysi gæti verið túlkað sem veikleikamerki. Bæði stjórn og stjórnarandstaða hafa kallað eftir því að borgaralegri reglu verði ekki raskað. Margir óttast þó að ástandið nálgist suðupunkt.

Mugabe hefur stýrt Simbabve í 37 ár eða allt frá því að landið fékk sjálfstæði frá Bretum árið 1980. Aðeins Paul Biya, forseti Kamerún, og Teodoro Obiang Nguema Mbasogo, forseti Miðbaugs-Gíneu, hafa setið lengur á valdastóli en Mugabe. – **jóe**




# ÚRVALS BÆKUR Á TILBOÐI!




TILBOÐSVERÐ: 4.999.- Verð: 6.999.-

Myrkrið veit




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð: 6.999.-

Syndafallið




TILBOÐSVERÐ: 3.499.- Verð: 4.899.-

Amma best




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð: 6.999.-

Útkall - Reiðarslag í Eyjum




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð: 6.999.-

Mistur




TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð: 6.999.-

Sakramentið













**Með lognið í fangið**
**TILBOÐSVERÐ: 1.999.-**
Verð áður: 2.999.-

**Dagbók Kidda klaufa - þín eigin dagbók**
**TILBOÐSVERÐ: 2.599.-**
Verð áður: 3.999.-

**Mamma, ég er á lífi**
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.999.-

**Blóðug jörð**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 16. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Innlima ellefu hundruð manna Hlíðahverfi í Keflavíkursókn

**TRÚFÉLÖG** Agnes M. Sigurðardóttir biskup leggur til við kirkjuþing sem nú starfar, að svonefnt Hlíðahverfi á gamla vallarsvæði Bandaríkjahers verði látið tilheyra Keflavíkursókn.

„Um er að ræða svæði sem tilheyrði gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og var þannig í reynd utan kirkjusókna þjóðkirkjunnar. Fyrirhugað er að á svæðinu rísi nýtt íbúðarhverfi, svonefnt Hlíðahverfi. Er ráðgert að um 1.100 manns verði búsett þar þegar hverfið verður fullbyggt. Eins og nánar kemur fram í erindinu er eðlilegt hvað varðar skólahverfi, póstnúmer, staðhætti og önnur innviðatengsl að svæðið tilheyri Keflavíkursókn,“ segir í tillögunni.

Lögð er áhersla á að þessi innlimun Hlíðahverfis í Keflavíkursókn taki gildi 30. nóvember.

„Sú dagsetning miðast við að öll ráðstöfun sóknargjalda og réttindi sóknarmanna miðast við 1. desember ár hvert. Er því eðlilegt að gildistakan miðist við þennan dag,“ segir í tillögu biskups. Ríkið greiðir um 11.000 krónur í sóknargjöld árlega fyrir hvern meðlim trúfélags sem þar er skráður 1. desember. **– gar**


**Mörg mál liggja fyrir fulltrúum á kirkjuþingi 2017.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Um er að ræða svæði sem tilheyrði gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og var þannig í reynd utan kirkjusókna þjóðkirkjunnar.**

Úr tillögu biskups








**Agnesi M. Sigurðardóttur biskupi var ekki skemmt undir upplestri séra Geirs Waage á tölvupósti hennar á kirkjuþingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sakaði Geir um brot á trúnaði

**Séra Geir Waage gagnrýndi Agnesi M. Sigurðardóttir biskup harðlega á kirkjuþingi. Biskup sakaði Geir á móti um brot á trúnaði með upplestri tölvupósta.**

**TRÚFÉLÖG** „Ég velti því fyrir mér hvort trúnaður hafi verið brotinn,“ sagði Agnes M. Sigurðardóttir biskup er hún svaraði á kirkjuþingi fyrirspurnum séra Geirs Waage í Reykholti.

Geir spurði bæði um umdeilda skipan biskups á presti við Dómkirkjuna sem síðan var afturkölluð og um málefni sóknarprests í Grensáskirkju sem þrjár konur upphaflega og nú fimm saka um kynferðislega áreitni.

Er Geir reifaði fyrirspurn sína vitnaði hann í tölvupóst Agnesar biskups til prestsins í Grensáskirkju. „Vil ég nú semja við þig að þú farir í launalaust leyfi þegar í stað svo ekki þurfi að koma til ákvörðunar um hvort þessi heimild sé nýtt,“ las Geir úr bréfi biskups sem vitnaði til greinar í starfsreglna presta varðandi refsivert atferli.

„Í huga biskupsins leikur enginn vafi á sekt sóknarprestsins,“ ályktaði Geir sem gagnrýndi framgöngu biskups í málinu og tómlæti gagnvart prestinum sem orðið hafi við kröfum um að halda sig frá ýmsum trúnaðarstörfum. „Sóknarpresturinn hefur um árabil verið í tölu virtustu presta landsins og gegnt ýmsum trúnaðarstöðum fyrir þjóðkirkjuna og prestastéttina, meðal annars verið formaður Prestafélags Íslands.“

Þá vitnaði Geir einnig í annað bréf sem sent var fyrir hönd biskups og varðaði samskipti hennar við úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar um mál kvennanna sem telja á sér brotið.

„Ég tel að hér hafi verið brotin þingsköp með því að leggja þetta ekki fram skriflega eins og kveðið er á um í reglum kirkjuþings,“ sagði biskup í svari til Geirs. „Síðan velti ég því fyrir mér, að ég tel að fyrirspyrjandi hafi borið starfsfólk, kollega sína, sökum í ræðustól kirkjuþingsins, þar sem þeir eiga þess ekki kost að svara fyrir sig vegna þess að þeir sitja ekki þetta þing. Og í þriðja lagi velti ég því fyrir mér hvort að trúnaður hafi verið brotinn þegar lesið var upp úr tölvupóstum sem á milli manna fóru – án leyfis þess sem skrifaði og þess sem tók við.“

Biskupinn skipaði í sumar séra Evu Björk Valdimarsdóttur í embætti prests við Dómkirkjuna í Reykjavík. Síðar kom í ljós að galli var á kjörinu í sérstakri kjörnefnd í Dómkirkjusókn. Biskup afturkallaði þá skipan Evu Bjarkar í samráði við hana sjálfa og gerði hana að héraðspresti í Reykjavík.

Í fyrirspurnartímanum rakti séra Geir galla á starfi kjörnefndarinnar. „Ég spyr biskup Íslands um það hvaða nauðir ráku embættið til þess að skipa prest í Dómkirkjuna í Reykjavík hálfum öðrum sólarhring eftir að úrslit lágu fyrir um niðurstöðu kjörnefndar prestakallsins,“ sagði Geir sem kvað prófasti sem hélt utan um málið hljóta að hafa verið gallarnir ljósir og spurði hvort hann hefði ekki upplýst biskup um það. Agnes svaraði því neitandi.

Að sögn Geirs komst prófastur að þeirri niðurstöðu eftir fyrstu atkvæðagreiðslu kjörnefndar að vafi væri á því að fimm atkvæði af níu atkvæðum í kjörinu væru gildur meirihluti og því látið endurtaka kjörið. Sagði hann málið einsdæmi. „Og þó hefur margt borið við í kosningum.“

Aðspurð um það hvort hún hefði einhverja sérstaka skoðun á embættisfærslu sinni í málinu kvað Agnes ekki svo vera. „Í umræddu tilfelli voru engir meinbugir á framkvæmdinni samkvæmt þeim gögnum sem lágu fyrir,“ svaraði biskup. „Síðar kom í ljós að sú nefnd sem starfaði sem kjörnefnd í málinu hafði ekki fengið löglega kosningu.“

gar@frettabladid.is




Suzuki þjónustan | Skeifunni 17 | Sími: 568 5100
www.suzuki.is | Facebook: Suzuki á Íslandi

# Vetrarplús!

**Ekki bíða fram á Þorláksmessu til að versla.**
**Tryggðu þér sól í dag!**

Tenerife ☆☆☆
**PARQUE CRISTÓBAL TENERIFE**
Brottför 6. des. — 6 nætur
í smáhýsi með 2 svefnherbergjum
**80.500 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 100.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Tenerife ☆☆☆
**THE SUITES AT BEVERLY HILLS**
Brottför 17. jan. — 7 nætur
í stúdíóíbúð
**69.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 93.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Gran Canaria ☆☆☆
**BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL**
Brottför 23. jan. — 7 nætur
í smáhýsi með tveimur svefnherbergjum
**69.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 93.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Tenerife ☆☆☆
**THE SUITES AT BEVERLY HILLS**
Brottför 22. nóv. — 6 nætur
í stúdíóíbúð
**84.000 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 105.000 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Gran Canaria ☆☆
**DON DIEGO**
Brottför 28. nóv. — 14 nætur
í íbúð með einu svefnherbergi
**99.500 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna .

Tenerife ☆☆☆
**PALM BEACH TENERIFE**
Brottför 29. nóv. — 7 nætur
í stúdíóíbúð
**82.500 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 111.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

## Nýtt í Plús!

Kúba ☆☆☆☆
**OCEAN VISTA AZUL**
Brottför 3. feb. — 7 nætur
í tvíbýli með ***ALLT INNIFALIÐ***
**217.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Verona ☆☆☆☆
**HOTEL GILBERTI**
Brottför 2. mars — 3 nætur
í tvíbýli með morgunverði
**59.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Marrakesh ☆☆☆☆
**WAZO HOTEL**
Brottför 28. júní — 7 nætur
í tvíbýli með morgunverði
**114.900 kr.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Innifalið í verðum: flug, skattar, 20 kg ferðataska, handfarangur og gisting.

# Sumarplús!

FLEIRI DÆMI Á
SJÁÐU MEIRA
PLUSFERDIR.IS

**Enn fleiri ástæður til að hlakka til sumarsins!**

*Almería* ☆☆☆☆
## HOTEL MEDITERRANEO PARK
Brottför 31. maí — 7 nætur
í tvíbýli með ***ALLT INNIFALIÐ***
# 86.500 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 111.100 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Benidorm* ☆☆☆☆
## BALI
Brottför 31. maí — 8 nætur
í tvíbýli með hálfu fæði
# 75.500 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 94.100 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Tenerife* ☆☆☆
## HG TENERIFE SUR
Brottför 2. júní — 7 nætur
í íbúð með einu svefnherbergi
# 66.700 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 81.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Gran Canaria* ☆☆☆
## CORDIAL GREEN GOLF
Brottför 5. júní — 7 nætur
í smáhýsi með einu svefnherbergi
# 57.500 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 69.100 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Almería* ☆☆
## MARACAY
Brottför 7. júní — 7 nætur
í íbúð með einu svefnherbergi
# 58.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 71.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Mallorca* ☆☆☆
## APARTMENTOS VISTA CLUB
Brottför 10. júní — 7 nætur
í íbúð með einu svefnherbergi
# 65.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 83.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Gran Canaria* ☆☆
## CORONA BLANCA
Brottför 12. júní — 7 nætur
í íbúð með einu svefnherbergi
# 62.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 79.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

*Tenerife* ☆☆☆
## PALM BEACH
Brottför 16. júní — 7 nætur
í stúdíóíbúð
# 69.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 93.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

plús FERÐIR

*Komdu út í Plús!*

BÓKAÐU Á PLUSFERDIR.IS

Birt með fyrirvara um prentvillur, stafabrengl, og önnur „úps“.

# Vertu úti



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er margt fólgið í því að eiga sér mannsæmandi líf í nútíma samfélagi. Að eiga til hnífs og skeiðar, hafa þak yfir höfuðið, tækifæri til menntunar, rétt til starfa og eiga þess kost að lifa eins og manneskja í félagsskap við aðrar slíkar. Mannskepnan er nefnilega félagsvera í eðli sínu og þarf á samneyti við annað fólk að halda til þess að þroskast, dafna og líða bærilega. Þessi réttur til félagslegs samneytis er mikilvægur okkur öllum og þá ekki síst ungu fólki sem þarf á því að halda að tengjast jafningjum, bera sig saman við þá og deila með þeim lífsreynslu.

Það verður því að teljast til stórtíðinda að Hæstiréttur Íslands hafi fyrir skömmuð úrskurðað um að mannréttindi einstaklings til félagslegs lífs bæru minna vægi en eignarréttur ríkissjóðs. Áslaug Ýr Hjartardóttir tapaði þá máli þar sem hún sóttist eftir því að fá túlkaþjónustu í sumarbúðum fyrir daufblinda greidda af íslenska ríkinu. Í niðurstöðu dómsins var þeim rökum beitt að ekki væri til nægjanlegt fjármagn í túlkasjóði til þess að standa straum af þessum kostnaði. Áslaug Ýr er daufblind og sumarbúðirnar sem hún sótti voru fyrir önnur daufblind ungmenni og bauðst sænska ríkið til þess að greiða fyrir ferðakostnað og uppihald túlkanna ef íslenska ríkið greiddi þeim laun.

Túlkasjóður hefur áður verið til umræðu og þá ekki síst fyrir þær sakir að vera ekki fjármagnaður með viðunandi hætti. Þar sem sjóðurinn er á fastri fjárlagatölu eru skilaboð stjórnvalda að það sé aðeins svo og svo mikið, eða öllu heldur lítið, til skiptanna til grundvallarmannréttinda þeirra sem þurfa á sjóðnum að halda. Að sjóðurinn tæmist eða að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sé almennt í þeirri stöðu að þurfa að stýra því hver eigi að njóta fullra mannréttinda og hver ekki er auðvitað rót vandans. En ef Hæstiréttur Íslands er farinn að taka að sér aðhald með ríkissjóði þá er það ekki síður alvarlegt umhugsunarefni svo ekki sé meira sagt. Hið sama má svo segja um margendurteknar sneypufarir íslenska ríkisins fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

En það sem er ekki síður umhugsunarefni fyrir íslenskt samfélag í heild sinni er að fjöldi Íslendinga þarf að eyða miklu af tíma sínum, peningum og orku í að berjast við ríkið fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Æska einstaklinga á ekki að fara í að berjast við kerfið fyrir sjálfsögðum mannréttindum heldur í að lifa lífinu. Læra, þroskast, dafna og skemmta sér með jafnöldrum og jafningjum í samfélagi sem lætur sig varða um einstaklingana sem mynda þessa blessuðu þjóð.

Dómur Hæstaréttar og þröng staða túlkasjóðs felur í sér ákveðna höfnun á þessu. Höfnun á því að einstaklingar sem þurfa að takast á við takmarkanir á hverjum degi fái að lifa lífinu í samfélagi við annað fólk. Í því er líka fólgin jaðarsetning á einstaklingum sem eru hluti af þessu samfélagi rétt eins og hvert annað mannsbarn, einstaklingum sem er sagt að vera úti svo ríkissjóður geti nú haft fjármagnið inni.

**Æska einstaklinga á ekki að fara í að berjast við kerfið fyrir sjálfsögðum mannréttindum heldur í að lifa lífinu.**



## Halldór




## Frá degi til dags

**Framsókn**

**Formlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust í gær þegar formenn flokkanna sem að þeim standa hittust í þingflokksherbergi Framsóknarflokksins. Hefð er fyrir því að ríkisstjórnir fái nafn og hafa þau verið mjög fjölbreytt á lýðveldistímanum. Stefanía, Nýsköpunarstjórnin, Emilía og Viðreisn eru dæmi um nöfn á stjórnum fyrri ára. Í ljósi þess að formaður Framsóknarflokksins var hvatamaður að því að flokkarnir þrír hófu samtal og að fundarhöld fara fram í þingflokksherbergi Framsóknarflokksins kann einhver að stinga upp á að stjórnin, verði hún að veruleika, muni heita Framsókn.**

**Kaldhæðni**

**Flokkarnir þrír hafa allir sterka tengingu við bændastéttina og fyrirfram er kannski ekki að vænta mikilla breytinga á landbúnaðarkerfinu í átt að auknu frelsi. Þess vegna er það því sem næst ljóðrænt að EFTA-dómstóllinn skuli dæma í máli varðandi innflutningsbann á fersku kjöti, eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk. Samdægurs skuli héraðsdómur svo kveða upp þrjá samhljóða dóma þar sem íslenska ríkið var dæmt til að endurgreiða innflutningsfyrirtækjum útboðsgjald, sem innheimt er vegna úthlutunar tollkvóta fyrir búvörur.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Ellismellir á Alþingi!



Ingimundur Gíslason
augnlæknir

Það er mikið rætt um jafnvægi í fjölda einstaklinga í hinum ýmsu hópum á Alþingi. Nú hallar meira en áður á fjölda kvenna inni á nýkjörnu þingi og engir innflytjendur eiga þar sæti nú. En hvernig háttar skiptingu þingsæta eftir aldri?

Við lauslega samantekt nú í byrjun nóvember 2017 kemur í ljós að meðalaldur nýkjörinna þingmanna er 49 ár. Sá elsti er 68 ára og sá yngsti 26 ára. Eftir kosningarnar nú í lok október komu 16 nýir þingmenn inn á Alþingi. Meðalaldur þeirra er 48 ár. Sá elsti er 63 ára og sá yngsti 34 ára.

**Hressir með kollinn í lagi**

Um það bil 40 þúsund eldri borgarar voru með kosningarétt í kosningunum í október síðastliðnum eða um 16 prósent þeirra sem voru á kjörskrá. Aðeins einn úr þeirra hópi situr á Alþingi eða 1,6 prósent þingmanna.

Við vitum að margt eldra fólk er haldið sjúkdómum og ellihrörnun en í þessum hópi eru líka margir hressir og kátir og með kollinn í lagi. Þess vegna vaknar sú spurning hvers vegna eldri borgarar eigi svo fáa úr sínum hópi á þingi.

**Vanþekking og fordómar?**

Getur verið að eitthvað djúpt í meðvitund þjóðarinnar virki eins og ósýnileg hindrun? Vanþekking og fordómar? Kannski finnst okkur að eldri borgarar séu best geymdir niðri við Tjörn með barnabörnum að gefa öndum brauð eða spila bingó úti í bæ. Þá eru þeir allavega ekki að þvælast fyrir þeim sem yngri eru.

Í öðrum löndum láta þeir sem eldri eru til sín taka í stjórnmálum. Sem dæmi má nefna að Ronald Reagan var rétt tæplega sjötugur þegar hann tók við forsetaembættinu í Bandaríkjunum. Hann sat svo í embætti í átta ár. Bernie Sanders öldungadeildarþingmaður lætur enn til sín taka á Bandaríkjaþingi 76 ára gamall. Donald Trump var sjötugur í janúar síðastliðnum þegar hann varð forseti.

**Kannski finnst okkur að eldri borgarar séu best geymdir niðri við Tjörn með barnabörnum að gefa öndum brauð eða spila bingó úti í bæ.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þau í dag – við á morgun



Sindri Geir Óskarsson
guðfræðingur

Myndu börnin mín kalla sig Þingeyinga þegar þau verða fullorðin ef við þyrftum að flýja sveitina okkar fögru í dag vegna loftslagsbreytinga? Þau eru tveggja og fjögurra ára gömul og myndu eiga minningar úr sveitinni, allavega minningar af sögum okkar foreldranna, sögum frá ömmu og afa. Eldri kynslóðin myndi ekki sleppa sinni sjálfsmynd en ég veit ekki með börnin. Þau myndu ekki þekkja Goðafoss og Aldeyjarfoss ef þeir væru farnir á kaf vegna hækkandi sjávarmáls. Sagan af Þorgeiri Ljósvetningagoða myndi lifa, en það væri aldrei hægt að ganga í fótsporin hans.

Sveitin þar sem langafi ólst upp, heiðin sem pabbi byrjaði að smala þegar hann var 6 ára, það sem gaf merkingu og tilgang og ekki síst stolt. Það er farið. Landið sem langalangafi vann fyrir og eignaðist. Kirkjan þar sem afi var organisti, grafir forfeðranna. Allt farið. Auðvitað myndum við búa á nýjum stað. Eiga heimili. En hluti af því sem gerði okkur að þeim sem við erum, að minnsta kosti í eigin augum, er farið.

Á Fídjíeyjum er þetta glíma yfir hundrað samfélaga. Það var tregi og reiði í rödd James, prestsins frá Fídjí sem er staddur á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fulltrúi þessara samfélaga, þegar ég ræddi við hann. Hann er hér sem fulltrúi fólks sem er búið að missa söguna sína, atvinnuvegina, lífsstílinn, heimilin, kirkjurnar og hluta menningar sinnar, vegna loftslagsbreytinga.

**Breytt samfélag**

Það er ekki bara hækkandi yfirborð sjávar sem ógnar þeim, undanfarna mánuði hefur metfjöldi fellibylja riðið yfir eyjarnar þar sem margir lifa enn hálfgerðu sjálfsþurftarlífi, hafa haft nóg í sig og á af gjöfum náttúrunnar. En nú hefur súrnun sjávar, dauði kóralrifja og hrun fiskistofna líka sett það strik í reikninginn að ættbálkar sem lifðu kynslóðum saman á afskekktum eyjum hafa þurft að flytja í þéttbýlið. Án þess að vilja og án þess að hafa réttu kunnáttuna hafa fjölskyldur þurft að takast á við líf í gjörsamlega breyttu samfélagi. Þar hefur kirkjan leikið stórt hlutverk, sinnt hjálparstarfi og sálgæslu – tekið við reiðinni sem kraumar í James þegar hann ræðir ábyrgð okkar velstæðu og ríku landanna, sem sögulega berum svo gott sem alla ábyrgð á loftslagsbreytingum og öðrum umhverfisvám á borð við plastmengun.

Ákall Fídjí og margra annarra þjóða hér á COP23, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, er að það verði settar skýrar leikreglur um það hvernig bætt verði fyrir tjón þeirra samfélaga sem bera hitann og þungann af loftslagsbreytingum. Þar að auki er það krafa þeirra að hugað verði sérstaklega að stöðu kvenna en þær koma einna verst út í samfélögum sem glíma við afleiðingar loftslagsbreytinga.

Þetta er líka ákall og stefna Lútherska heimssambandsins sem sendi mig á COP23 sem fulltrúa þjóðkirkjunnar. Lútherska heimssambandið heldur utan um Lutheran World Relief, ein stærstu hjálparsamtök í heimi og hafa langa reynslu af því að stunda þróunaraðstoð og björgunarstarf. Hér erum við hins vegar fyrst og fremst í því hlutverki að vera talsmenn þeirra 140 kirkna í 100 löndum sem eru aðildarkirkjur okkar. Margar þessara kirkna lifa við afleiðingar loftslagsbreytinga og með mér í sendinefndinni er ungt fólk frá Indlandi, Filippseyjum og Indónesíu sem hefur reynt á eigin skinni hvað auknir þurrkar, tíðari flóð og hækkandi meðalhiti þýða fyrir lífsgæði venjulegs fólks á suðurhveli jarðar.

**Allar þjóðir setji sér skýr markmið**

Við erum heppin á Íslandi. Það er ein af stóru tilfinningunum sem ég finn fyrir inni í mér. En á sama tíma fæ ég á tilfinninguna að við séum líka skeytingarlaus gagnvart lífum, örlögum og sögu allra þeirra sem þjást vegna þessara manngerðu hamfara. Ísland hefur ekki tekið þá afstöðu að vera meðal þjóðanna sem eru afdráttarlausar í stuðningi sínum við fátækustu og viðkvæmustu samfélög jarðar. Við fylgjum hinum vestræna ríkjunum, pössum forréttindi okkar í staðinn fyrir að opna okkur fyrir því að við erum í raun og veru öll á sama báti. Þó að stafninn á Titanic hafi sokkið á undan skutnum breytir það ekki staðreyndinni að skipið liggur á hafsbotni. Loftslagsbreytingar virða engin landamæri.

Það er ákall okkar í Lútherska heimssambandinu að allar þjóðir setji sér skýr og róttæk markmið um hvernig þau ætli að minnka losun sína á gróðurhúsalofttegundum til að halda hækkun meðalhita jarðar undir 1,5°C. Eins er það ákall þeirra til okkar Íslendinga sem ríkrar þjóðar að við styðjum betur við systkini okkar sem eru að upplifa fordæmalausar hamfarir.

Það er þörf á aðgerðum en fyrst þurfum við kannski að skilja að þó að hamfarirnar séu ekki að gerast hér þá eru þær samt að gerast. Þar í dag – hér á morgun. Þau í dag – þú á morgun. Snúum þróuninni við áður en það er of seint.

# Valdsvið stjórnvalda og íþróttahreyfingar



Birgir Guðjónsson
fv. formaður laga/tækninefndar Frjálsíþróttasambands Íslands

Í fróðlegri grein í Fréttablaðinu 31.7. sl. skrifa tveir lögspekingar um „Ábyrgð ríkisins á íþróttahreyfingunni“ vegna ábendingar EFTA á meintum brotum Körfuboltasambands Íslands á EES-reglum um frjálsa för launþega. Þessi mál eru þó ögn flóknari því keppnisleyfi íþróttamanns er ekki frá stjórnvöldum heldur viðkomandi alþjóðasérsambandi þó stjórnvöld veiti atvinnuleyfið þegar um atvinnumennsku er að ræða sem getur nú verið í flestum ef ekki öllum greinum íþrótta.

Það var nánast ógnvekjandi að verða vitni að bræði fulltrúa Afríkuríkja á þingi Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins IAAF skömmu eftir Ólympíuleikana í Los Angeles 1984. Þar keppti Zola Budd frá Suður-Afríku fyrir hönd Breta eftir að hafa fengið breskan ríkisborgararétt eftir skamma dvöl í Bretlandi, en afi hennar hafði verið breskur. Suður-Afríka var þá útilokuð frá alþjóðaíþróttasamskiptum vegna stefnu stjórnvalda um aðskilnað kynþátta.

Við flutning til annars lands gátu íþróttamenn á þeim tíma nánast keppt strax fyrir viðkomandi land eftir að hafa fengið ríkisborgararétt, en skilyrði um ríkisborgararétt voru og eru enn mjög mismunandi í löndum. Austur-Evrópuþjóðir höfðu einnig verið óhressar með hversu fljótt brottflúnir íþróttamenn gátu fengið ríkisborgararétt í öðrum löndum og þar með keppnisleyfi fyrir viðkomandi land.

Eftir þetta voru samþykkt ákvæði um að íþróttamaður fengi ekki keppnisleyfi fyrir sitt nýja land fyrr en þremur árum eftir að hafa öðlast þar ríkisborgararétt nema sérsamband fráfarandi lands samþykkti og sem hefur þá óefað fengið eitthvað í staðinn. Á nýafstöðnu Heimsmeistaramóti í London kom oft fram í ágætum lýsingum S.Á.A., starfsmanns RÚV, að margir keppendur kepptu fyrir annað land en sitt fæðingarland. Þeir höfðu þá augljóslega skipt um ríkisfang.

Einnig má benda á til áherslu um valdsvið íþróttahreyfingarinnar að Alþjóðafrjálsíþróttasambandið IAAF útilokaði Rússa almennt frá keppni á Ólympíuleikunum í Rio sem og Heimsmeistaramótinu í London vegna víðtækrar lyfjamisnotkunar. Hvorki EFTA né Pútín fengu nokkru um það ráðið. Alþjóðasérsamböndin setja eigin leikreglur og skilgreina keppnisaðstöðu. Valdsvið og ábyrgð stjórnvalda á íþróttahreyfingunni er því mjög afmörkuð.

> **Hvorki EFTA né Pútín fengu nokkru um það ráðið. Alþjóðasérsamböndin setja eigin leikreglur og skilgreina keppnisaðstöðu. Valdsvið og ábyrgð stjórnvalda á íþróttahreyfingunni er því mjög afmörkuð.**

*Höfundur var formaður laga/tækninefndar Frjálsíþróttasambands Íslands í 30 ár og sat mörg þing Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins og var dómari á alþjóðamótum.*








Viðar Örn Kjartansson er hér að skora sitt annað landsliðsmark á ferlinum í gær. Það mark var ansi laglegt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Óhress með marga leikmenn

**Ísland kastaði frá sér sigri gegn Katar í uppbótartíma í gær og fer því heim án sigurs. Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari sagði að færri en fleiri leikmenn hefðu nýtt sín tækifæri almennilega í þessari ferð.**

**FÓTBOLTI** Á meðan mörg af stærstu landsliðum Evrópu börðust hatrammlega um laust sæti á HM í Rússlandi höfðu strákarnir okkar það náðugt í Doha. Léku sér á sjóköttum og úlföldum ásamt því að spila tvo vináttulandsleiki.

Strákarnir töpuðu fyrst fyrir Tékkum en í gær gerðu þeir 1-1 jafntefli við Katar. Þeir voru með unninn leik en augnablikskæruleysi í uppbótartíma gaf heimamönnum færi á að jafna og það gerðu þeir. Viðar Örn Kjartansson skoraði mark Íslands í fyrri hálfleik.

### Drullusvekktur

„Í heiðarleika sagt þá erum við drullusvekktir með þessa frammistöðu í dag. Úrslitin skiptu ekki öllu máli en frammistaðan var á margan hátt ekki góð og eðlilega erum við ekki ánægðir með það,“ segir Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari en hann átti von á meiru frá sínum mönnum í dag.

„Sóknarleikurinn okkar var slakur í dag. Áttum erfitt með að halda boltanum og sköpuðum ekki mikið af færum. Það sem við erum svekktastir yfir er hraðinn og tempóið sem var í öllum okkar aðgerðum í dag. Við vorum ekki einu sinni fljótir að hugsa og koma okkur í svæði. Ég er svekktastur yfir því.“

### Færri nýttu tækifærið

Margir af þeim leikmönnum sem hafa verið utan liðsins fengu tækifæri í gær en Heimir hefði viljað sjá fleiri nýta það tækifæri betur.

„Það var misjafnt hvernig menn nýttu sín tækifæri. Það voru sumir sem nýttu þessa ferð ágætlega en ég myndi segja að við höfum orðið vonsviknari með fleiri þá loksins er þeir fengu tækifæri,“ segir Heimir augljóslega nokkuð óhress með marga af sínum mönnum.

„Í júní erum við að fara að spila við bestu lið heims og það þurfa ansi margir að taka miklum framförum á næstu sjö mánuðum ef þeir ætla að vera samkeppnishæfir í Rússlandi.“

### Prófaði nýja varnaraðferð

Í leiknum í gær fór Heimir úr hinu hefðbundna skipulagi landsliðsins í síðari hálfleik og í fimm manna vörn.

„Við vorum með þrjá miðverði í síðari hálfleik og er við horfum til Rússlands þar sem við getum mætt bestu knattspyrnuþjóðum heims þá viljum við hafa það sem möguleika að geta spilað með þrjá miðverði enda eigum við marga góða slíka. Það viljum við gera til þess að loka leiðum í gegnum liðið,“ segir þjálfarinn og hann var nokkuð ánægður með hvernig til tókst.

„Mér fannst varnarleikurinn ganga mjög vel. Þeir komust ekki í gegnum okkur og voru nánast hættir að gera það er þeir skora í lokin. Það voru vonbrigði að fá svona mark á sig þar sem opnast gat í hjarta varnarinnar. Það á aldrei að gerast þegar lið er með þrjá miðverði. Fram að því var vörnin mjög góð en er við unnum boltann var sóknarleikurinn slakur. Frammistaðan því ekkert sérstök fyrir utan að mér fannst varnarleikurinn ganga upp.“

> **Í júní erum við að fara að spila við bestu lið heims og það þurfa ansi margir að taka miklum framförum á næstu sjö mánuðum ef þeir ætla að vera samkeppnishæfir í Rússlandi.**
>
> Heimir Hallgrímsson

### Mjög góð ferð

Úrslitin áttu aldrei að vera það sem þessi ferð snerist um og þjálfarinn var mjög ánægður með ferðina þó að úrslitin hafi ekki verið nógu ánægjuleg.

„Hún var mjög góð. Gott að geta gefið mönnum frí sem hafa spilað mest. Það er búið að vera gaman í hópnum. Við höfum fundað um síðustu keppni og hvað við getum gert betur. Við höfum fundað um hvað við lærðum af síðustu lokakeppni og hvað við viljum gera betur. Svo höfum við planað næstu mánuði og ár því það eru stór verkefni fram undan. Tíminn hefur verið vel nýttur í margt annað en fótbolta og þess utan höfum við gert margt skemmtilegt. Þessi ferð telur því heilmikið þó svo úrslitin í leikjunum hafi ekki verið stórkostleg.“

henry@frettabladid.is




## Nýjast

**Vináttulandsleikur**

**Katar - Ísland 1-1**
0-1 Viðar Örn Kjartansson (26.), 1-1 Mohammed Muntari (90.+1).

**HM-umspil**

**Írland - Danmörk 1-5**
1-0 Shane Duffy (6.), 1-1 Cyrus Christie, sjm (29.), 1-2 Christian Eriksen (32.), 1-3 C. Eriksen (63.), 1-4 C. Eriksen (74.), 1-5 N. Bendtner, víti (90.).
*Danmörk fór á HM, 5-1, samanlagt.*

**BLÁTT FYLGIR ALLTAF RAUÐU**
Brot leikmanna sem fá rautt spjald í leikjum á Íslandsmótinu í handbolta eiga alltaf að fara fyrir aganefnd HSÍ en þetta staðfesti Guðjón L. Sigurðsson, formaður dómaranefndar HSÍ. Það þýðir að bláa spjaldið svokallaða á alltaf að fylgja útilokun leikmanna frá leikjum. Bláa spjaldið var kynnt til sögunnar í fyrra og er gefið leikmanni sem fær rauða spjaldið, ef dómarinn telur brotið svo alvarlegt að það eigi að fara fyrir aganefnd. „Það hefur sýnt sig að dómarar eru ekki tilbúnir að taka þessa ákvörðun inni á vellinum. Hugmyndin er að þetta fari alltaf fyrir aganefnd,“ segir Guðjón sem segir að það eigi að vera ákvörðun nefndarinnar, ekki dómaranna, hvort brot sé það alvarlegt að það verðskuldi rautt spjald eða ekki.



**HM-BIKARINN TIL ÍSLANDS**
Íslendingar fá í fyrsta sinn að komast í návígi við HM-styttuna, bikarinn sem heimsmeistararnir í knattspyrnu fá á fjögurra ára fresti. Styttan kemur hingað til lands þann 25. mars en það var tilkynnt í gær. „Koma HM-bikarsins til landsins í mars markar upphafið að enn einu fótboltasumrinu á Íslandi. Það verður líka frábært tækifæri fyrir íslensku þjóðina að kíkja aðeins á bikarinn sem strákarnir ætla að koma með heim aftur í júlí,“ var haft eftir Magnúsi Viðari Heimissyni, vörumerkjastjóra Coca-Cola á Íslandi.



**ARNÓR HANDLEGGSBROTINN**
Arnór Hermannsson brotnaði á hægri hendi og verður frá keppni í Domino's-deild karla í fjórar til sex vikur. Arnór meiddist í bikarleik með unglingaflokki KR í vikunni þegar liðið hafði betur gegn Keflvíkingum. „Ég fann strax að ég annaðhvort datt úr liði eða eitthvað,“ sagði Arnór í samtali við Fréttablaðið. „Fyrsta sem ég gerði var að fara á bekkinn og hvíla, en svo fór ég aftur inn á. Ætlaði að reyna, en eftir tvær sendingar bað ég strax um skiptingu, það var ekki séns.“ Arnór, sem fæddur er árið 1998, hefur verið með fyrstu mönnum inn af bekknum hjá KR í Domino's-deildinni það sem af er tímabils og er mikill missir fyrir félagið.



## Í dag

**19.20 FH - ÍBV** Sport

**Coca Cola-bikar kvenna:**
**19.30 Afturelding - Haukar**
**20.00 ÍR - Víkingur**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. nóvember 2017

42. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









## Ólík sparnaðarform lögð að jöfnu

Innlendir keppinautar umboðsaðila erlendra tryggingafélaga segja það skjóta skökku við að leggja hefðbundinn séreignarsparnað og erlendar lífeyrisstryggingar að jöfnu. Um sé að ræða ólík sparnaðarform. Félögin lúti minna eftirliti þrátt fyrir mikil umsvif. »6-7



»2

### Innlán heimila aukist um 100 milljarða á ári

Innlán íslenskra heimila í bankakerfinu hafa aukist um 9,6 prósent undanfarna tólf mánuði. Á sama tíma hefur eign heimila í hlutabréfasjóðum dregist verulega saman.

»2

### Félag Guðmundar í Brimi hagnast um 6,7 milljarða

Stilla útgerð, í eigu bræðranna Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona, hagnaðist um 6,7 milljarða í fyrra eftir að félagið færði bréf sín í Vinnslustöðinni yfir á sjávarútvegsfyrirtækið Brim.

»10

### Ný ríkisstjórn verður að forgangsraða í þágu innviða

„Innviðauppbygging verður að fá veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar og umtalsvert aukið umfang í fjárlögum næstu ára,“ segir í grein Ingólfs Bender, aðalhagfræðings SI.






EBIDTA-hagnaður Bláa lónsins hefur þrefaldast á fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýir eigendur vilja skoða sölu á hlut í Bláa lóninu

Kanadíska orkufyrirtækið Innergex Renewable Energy, sem keypti nýverið Alterra, sem á 53,9 prósenta hlut í HS Orku, hyggst endurskoða eignarhald HS Orku á 30 prósenta hlut fyrirtækisins í Bláa lóninu, að því er fram kemur í fjárfestakynningu stjórnenda Innergex. Telja stjórnendurnir að starfsemi Bláa lónsins falli ekki að kjarnastarfsemi íslenska orkufyrirtækisins.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu setti HS Orka hlut sinn í Bláa lóninu í söluferli um miðjan maímánuð og var það sjóður í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, sem átti hæsta tilboðið, um 11 milljarða króna.

Fulltrúar íslenskra lífeyrissjóða, sem eiga 33,4 prósent í HS Orku í gegnum samlagshlutafélagið Jarðvarma, ákváðu hins vegar að beita neitunarvaldi sínu og höfnuðu tilboðinu. Var haft eftir Davíð Rúdólfssyni, stjórnarformanni Jarðvarma, að tilboð Blackstone hefði ekki endurspeglað virði Bláa lónsins.



Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins.

Fram kemur í nýlegri afkomukynningu Alterra að nokkur tilboð að virði yfir 90 milljónir evra, sem jafngildir um 10,9 milljörðum króna, hafi borist í hlut HS Orku í Bláa lóninu í sumar. – kij

# Upphaf fasteignafélag hagnast um 775 milljónir

Upphaf fasteignafélag, sem er í eigu fagfjárfestasjóðsins Novus sem rekinn er af GAMMA Capital Management, hagnaðist um 775 milljónir króna í fyrra. Jókst hagnaðurinn verulega frá fyrra ári þegar hann nam um 57 milljónum króna.

Félagið, sem er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði, þ.e. þróar, byggir, leigir og selur íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, átti fjárfestingareignir upp á 6,2 milljarða króna í lok síðasta árs. Minnkuðu þær umtalsvert frá fyrra ári, en þær voru 8,6 milljarðar í lok árs 2015. Var kostnaðarverð seldra eigna 2,6 milljarðar króna í fyrra, að því er fram kemur í ársreikningi félagsins.

Þá nam matsbreyting fjárfestingareigna félagsins liðlega 1,4 milljörðum króna á árinu. Heildareignir Upphafs námu ríflega 10,1 milljarði króna í lok síðasta árs en þær jukust óverulega á árinu.



Upphaf hefur byggt fjölmargar íbúðir í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórn Upphafs leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á þessu ári vegna rekstrarársins í fyrra að svo stöddu. – kij

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is




# Innlánin aukist um 100 milljarða á rúmu ári

**Innlán íslenskra heimila í bankakerfinu hafa aukist um 9,6 prósent undanfarna tólf mánuði. Á sama tíma hefur eign heimila í hlutabréfasjóðum dregist saman. Greinandi hjá IFS segir heimili hafa einbeitt sér að því að greiða niður skuldir.**

Innlán heimila í bankakerfinu hafa aukist um liðlega 100 milljarða króna á rúmlega einu ári. Á sama tíma hefur eign heimila í hlutabréfasjóðum dregist saman um liðlega tíu milljarða og ekki verið minni í þrjú ár. Þá er bein hlutafjáreign heimila í skráðum hlutabréfum í sögulegri lægð.

Sigurður Örn Karlsson, greinandi hjá IFS, segir ljóst að mörg heimili hafi haldið að sér höndum þegar komi að hlutabréfakaupum og einbeitt sér fremur að því að greiða niður skuldir, enda hafi skuldsetning heimilanna lækkað undanfarin misseri.

Innlán heimilanna í bankakerfinu námu um 790 milljörðum króna í lok septembermánaðar. Hafa þau vaxið um 7,8 prósent það sem af er ári og um 9,6 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum. Til samanburðar voru innlánin um 667 milljarðar króna í byrjun árs 2016.

Seðlabankinn fjallaði um þennan mikla vöxt í innlánum heimilanna í fjármálastöðugleikaskýrslu sinni fyrr í haust. Benti bankinn á að þrátt fyrir aukna einkaneyslu hafi sparnaður heimilanna haldið áfram að aukast þar sem ráðstöfunartekjur vaxa enn hraðar.

„Þetta er mikill vöxtur á stuttum tíma,“ segir Sigurður Örn. „Það er því ekki nema eðlilegt að velta því fyrir sér hvort hluti þessara innlána heimilanna gæti leitað inn á hlutabréfamarkaðinn á næstu misserum. Í því sambandi má benda á að bein hlutafjáreign heimila í skráðum hlutabréfum er í sögulegri lægð samkvæmt gögnum frá Kauphöllinni. Það myndi hafa jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn ef einstaklingar myndu fjárfesta í frekari mæli í slíkum bréfum,“ nefnir hann.

Bein hlutabréfaeign heimila í skráðum félögum nam um 41 milljarði króna eða um fjórum prósentum af heildarmarkaðsvirði félaga í Kauphöllinni í septembermánuði, samkvæmt gögnum sem Kauphöllin tók saman fyrir Markaðinn. Eins og Fréttablaðið greindi frá í júní hefur hlutfallið ekki verið lægra í að minnsta kosti fimmtán ár, en á árunum fyrir fall fjármálakerfisins átti almenningur að jafnaði á bilinu samanlagt um 12 til 17 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa.

„Víðast hvar erlendis fjárfesta heimili hærra hlutfall af sparnaði sínum í hlutabréfum en gengur og gerist hér á landi,“ segir Sigurður Örn. „Þróunin hér hefur verið nokkuð einkennileg. Ásókn heimila í hlutabréf hefur verið lítil og á sama tíma hafa innlán þeirra í bankakerfinu vaxið verulega, sem helst í hendur við launahækkanir og hærri ráðstöfunartekjur heimilanna.“

Innlán fyrirtækja í bankakerfinu hafa jafnframt vaxið á undanförnum mánuðum. Í lok september námu þau um 375 milljörðum króna en til samanburðar voru þau um 348 milljarðar í lok síðasta árs. Hafa þau þannig aukist um tæplega átta prósent.

**Innlán heimila og fyrirtækja í bankakerfinu**




> **Ásókn heimila í hlutabréf hefur verið lítil og á sama tíma hafa innlán þeirra í bankakerfinu vaxið verulega, sem helst í hendur við launahækkanir og hærri ráðstöfunartekjur heimilanna.**
>
> Sigurður Örn Karlsson, greinandi hjá IFS



**9,6%**

**er vöxtur í innlánum heimilanna undanfarna tólf mánuði.**

Sigurður Örn bendir á að innlán fyrirtækja hafi haldist nokkuð stöðug undanfarin átta ár. Hins vegar séu auknar líkur á því að þau vilji færa fjármagn úr innlánum yfir í arðbærari fjárfestingar á verðbréfamarkaði.

Í nýrri greiningu IFS er bent á að vænt ávöxtun á hlutabréfamarkaði sé nokkuð góð fyrir næsta ár. Miðað við virðismöt sérfræðinga IFS má áætla að vænt ávöxtun – út frá markaðsvirði skráðu félaganna – sé á bilinu 18 til 30 prósent á næsta ári. Það sem styður við hækkanir á hlutabréfum eru meðal annars spár um góðan hagvöxt, lítið atvinnuleysi og aukna einkaneyslu og fjárfestingu, að mati IFS.

Hins vegar gætu óvissuþættir á borð við áherslur nýrrar ríkisstjórnar í efnahags- og skattamálum ásamt sókn fjárfesta í erlendar fjárfestingar dregið úr þeim væntingum. kristinningi@frettabladid.is

# Stilla útgerð hagnaðist um 6,7 milljarða

Stilla útgerð, í eigu bræðranna Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona, hagnaðist um 6,7 milljarða króna í fyrra. Er það mikil aukning frá árinu áður þegar hagnaðurinn nam 239 milljónum króna.

Mikill hagnaður Stillu útgerðar í fyrra kemur að mestu leyti til af því að bræðurnir færðu öll bréf sín í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum (VSV) yfir á sjávarútvegsfyrirtækið Brim, sem er einnig í eigu bræðranna, í mars árið 2016, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í árslok 2015 áttu Guðmundur og Hjálmar 25 prósenta hlut í VSV í gegnum Stillu og átti Guðmundur þar að auki fjögur prósent í eigin nafni og Hjálmar 1,85 prósent í gegnum félagið KG Fiskverkun. Brim eignaðist um þriðjungshlut í VSV þegar bræðurnir færðu öll bréf sín í félaginu yfir á sjávarútvegsfyrirtæki sitt.



Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður.

Greindi DV frá því í apríl 2016 að bréfin í VSV, sem bræðurnir færðu yfir á Brim, væru metin á 11,5 milljarða króna.

Félagið Seil, sem er meðal annars í eigu Sigurgeirs Brynjars Kristgeirssonar, framkvæmdastjóra VSV, er eftir sem áður stærsti hluthafi VSV með um 41 prósents hlut.

Eignir Stillu útgerðar námu 11,3 milljörðum króna í lok síðasta árs borið saman við 2,9 milljarða í lok árs 2015. Var eiginfjárhlutfallið 71,4 prósent í árslok 2016, að því er fram kemur í ársreikningi félagsins. – kij

TILBOÐ

# EX20

## skrifstofustóll

ALMENNT VERÐ

~~99.778 kr.~~

TILBOÐSVERÐ

**69.845 kr.**

30% afsláttur





Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is




- 12 punktar af hverjum 1.000 kr.
- 30 þúsund viðbótarpunktar
- Víðtækar ferðatryggingar
- Flýtiinnritun
- Saga Lounge
- Bílastæði í 3 daga

550 1500
kreditkort@kreditkort.is
kreditkort.is
Brandenburg | SÍA




· Priority Pass kort
· Icelandair Golfers
· Sixt Platinum kort

KREDITKORT




Allianz á Íslandi hagnaðist samanlagt um 908 milljónir króna á árunum 2015 og 2016. Félagið opnaði skrifstofu hér á landi árið 1994, en höfuðstöðvarnar eru í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hátt kostnaðarhlutfall umboðsaðila endurspeglast í miklum hagnaði

**Meðalkostnaðarhlutfall í lífeyristryggingasamningum umboðsaðila Allianz á Íslandi er tæplega 25 prósent á ári fyrstu fimm ár samningstímans ef samið er til meira en 40 ára. Samanlagður hagnaður var 908 milljónir króna árin 2015 og 2016. Framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi segir ekki þýða að skoða kostnað við samning fyrstu árin. Mestu skipti hvað viðskiptavinurinn fái greitt til baka að lokum.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Kostnaðarhlutfall í samningum um lífeyristryggingar umboðsaðila þýska tryggingafélagsins Allianz hér á landi er að meðaltali tæplega 25 prósent á ári fyrstu fimm ár samningstímans ef samið er til meira en 40 ára.

Innlendir keppinautar umboðsaðila erlendra tryggingafélaga hafa bent á að hefðbundinn séreignarsparnaður og lífeyristryggingar séu ólík sparnaðarform sem séu engu að síður lögð að jöfnu við markaðssetningu og kynningu.

Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi, segir ekki þýða að líta aðeins til kostnaðar við samning fyrstu ár samningstímans, heldur skipti mestu hvað viðskiptavinurinn fái greitt til baka í samningslok.

Ólíkt innlendum vörsluaðilum segir hann Allianz sýna viðskiptavinum með nákvæmum hætti hver þróun lífeyristryggingarinnar verður.

Hátt kostnaðarhlutfall í samningum umboðsaðila erlendra tryggingafélaga hér á landi hefur endurspeglast í miklum hagnaði umræddra fyrirtækja á síðustu árum. Sem dæmi hagnaðist Allianz á Íslandi samanlagt um 1.274 milljónir króna á árunum 2011 til 2016, þar af um 908 milljónir á árunum 2015 og 2016, og þá var samanlagður hagnaður Sparnaðar, umboðsaðila þýska tryggingafélagsins Bayern-Versicherung, 706 milljónir króna á árunum 2011 til 2015, en félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár. Rétt er að taka fram að ekki liggur fyrir hve stór hluti tekna Sparnaðar kemur til vegna sölu lífeyristrygginga.

Þau þýsku tryggingafélög sem starfa hér á landi lúta ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME), líkt og keppinautar þeirra, heldur þýskra yfirvalda. Þeim ber þannig ekki að láta FME í té upplýsingar um fjárhag sinn og þá eru heimildir FME til þess að grípa inn í starfsemi slíkra félaga afar takmarkaðar.

Rúnar Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri eftirlitssviðs FME, bendir þó á að í tilfelli stórra vátryggjenda, líkt og Allianz og Bayern, sem starfa víða í Evrópu, hafi eftirlit í ríkjum álfunnar náið samstarf sín á milli og fylgist með stöðu félaganna í þeim ríkjum þar sem þau veita þjónustu. „Aukinn kraftur hefur verið settur í að reyna að virkja betur samvinnu eftirlita á milli ríkja, til dæmis þegar einhverjir erfiðleikar koma upp,“ segir hann.

Útreikningar, sem byggðir eru á gögnum frá Allianz á Íslandi, leiða í ljós að kostnaðarhlutfall í samningi um lífeyristryggingu, sem gerður er við félagið, er á milli 30 og 40 prósent á fyrsta ári samningstímans. Hlutfallið fer lækkandi eftir því sem lengra líður á samningstímann en er, eins og áður sagði, að meðaltali um 24,6 prósent á ári fyrstu fimm árin ef samið er til 42 ára og mánaðarleg greiðsla er 30 þúsund krónur.

> **Við sýnum okkar viðskiptavinum með nákvæmum hætti hver þróun tryggingarinnar verður. Enginn íslenskur vörsluaðili gerir það.**
>
> Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi



Til samanburðar eru þóknanir annarra fyrirtækja og sjóða sem taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði, svo sem banka og lífeyrissjóða, á bilinu 0,2 til 0,65 prósent af meðalstöðu eigna á hverju ári.

Eyjólfur segir að í lífeyrismálum skipti mestu máli hvað viðskiptavinurinn fái greitt til baka í samningslok og eins hvað eftirlifendur fái í sinn hlut við fráfall viðskiptavinar. Ekki þýði að skoða einungis kostnað við samning fyrstu ár samningstímans. Samningar um lífeyristryggingar séu gerðir til afar langs tíma, 30 til 40 ára.

„Allianz er ekki sjóður sem greitt er í, heldur gera viðskiptavinir samning við líftryggingafélag Allianz í Þýskalandi. Kostnaður við hvern og einn samning er afar mismunandi þar sem upphæðin fer eftir samningstímanum og upphæð iðgjaldagreiðslunnar. Það er ekki eitthvað eitt sem gildir fyrir alla. Hver og einn fær sinn eigin útreikning,“ útskýrir hann.

Samkvæmt samantekt Fjármálaeftirlitsins á ársreikningum lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar fyrir árin 2015 og 2016 námu iðgjöld sjóðfélaga Allianz á Íslandi vegna lífeyristrygginga 10,4 milljörðum króna á þessum tveimur árum. Þjónustutekjur á sama tímabili námu 2,4 milljörðum króna – en áætla má að um 90 prósent af tekjum félagsins komi til vegna sölu lífeyristrygginga – og var samanlagður hagnaður 908 milljónir.

Í erindi félagsins til Alþingis í fyrra kom fram að um 22 þúsund Íslendingar ráðstöfuðu viðbótarlífeyrissparnaði sínum inn á lífeyristryggingarsamning hjá Allianz. Allur arður af starfseminni rennur til eina eiganda Allianz á Íslandi, Íslandsbanka, sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Yfir 100 þúsund manns greiða í viðbótarlífeyrissparnað hér á landi. Nemur bein eign í slíkum sparnaði um 400 milljörðum krónum, en til samanburðar eiga um 20 þúsund manns skráð verðbréf í kauphöll hérlendis fyrir um 100 milljarða króna. Í því sambandi bendir viðmælandi Markaðarins á að um verðbréfaviðskipti gildi afar ítarleg löggjöf, sem byggi á Mifid-tilskipunum Evrópusambandsins, sem hafi það að markmiði að tryggja neytendavernd og heilbrigða viðskiptahætti.

Sérstök áhersla sé lögð á að fjármálafyrirtæki haldi viðskiptavinum sínum, sem eigi í verðbréfaviðskiptum, upplýstum og veiti þeim viðeigandi ráðgjöf. Því skjóti það skökku við hve takmarkað eftirlit sé haft með umboðsaðilum erlendra tryggingafélaga miðað við hve umsvifamiklir þeir séu.

## Segir allt uppi á borðinu

Eyjólfur tekur fram að í útreikningi á bak við samning félagsins komi skýrt fram hvert iðgjaldið sé, hvaða kostnaður falli til og eins – það sem mestu skipti – hvað tryggt sé að viðskiptavinurinn muni fá greitt til baka í samningslok. Allar helstu upplýsingar og forsendur liggi ljósar fyrir.

„Við sýnum okkar viðskiptavinum með nákvæmum hætti hver þróun tryggingarinnar verður. Enginn íslenskur vörsluaðili gerir það,“ segir Eyjólfur.

Allianz leggi sig fram við að halda viðskiptavinum vel upplýstum. Þeir fái í hendurnar öll gögn og útreikninga sem viðkomandi samningar byggja á.

Auk þess bendir Eyjólfur á að við fráfall viðskiptavinar fá eftirlifendur ávallt allt sem hefur verið inngreitt, auk ávöxtunar, greitt til baka. Ef viðskiptavinur ákveði hins vegar að rifta samningi sínum þurfi hann að taka á sig uppreiknaðan kostnað við samninginn.

Eins og kunnugt er geta launþegar valið að verja hluta launa, allt að fjögur prósent, og mótframlagi frá vinnuveitanda, upp á tvö prósent, til viðbótarlífeyrissparnaðar.

„Það sem við höfum verið að benda á í allnokkurn tíma er að í

# Fólk Heimili

MIÐVIKUDAGUR 15. NÓVEMBER 2017



Hlýlegt viðarparket setur sterkan svip á heimilið. Efnið á myndinni er olíuborið viðarparket frá Kährs af tegundinni Ydre.

# Heimilið í sparibúning

Híbýlin verða heillandi og hlýleg með glæsilegu harðparketi frá Birgisson. Þar verða flísarnar líka stærri og stærri og sóma sér nú einnig vel í borðplötum eldhús- og baðinnréttinga. Úrvalið er hvergi eins lokkandi og ríkulegt. →2



**Jólabjórinn kemur í Vínbúðirnar í dag. Um 40 tegundir verða í boði í ár og því úr nógu að velja.** →3





Mattlakkaðir eikarplankar eru alltaf sígildir.



Ekta skandinavískt heimili með hvíttónaðri eik.

Framhald af forsíðu ➪

„Birgisson er fjölskyldufyrirtæki með metnað og hefð fyrir glæsilegu vöruúrvali á góðu verði," segir Þórarinn Gunnar Birgisson, framkvæmdastjóri Birgisson ehf.

Þórarinn kom aftur inn í rekstur Birgisson í byrjun árs, þá nýfluttur heim með fjölskyldu sinni eftir að hafa búið í Danmörku um árabil.

„Við sérhæfum okkur í sölu gólfefna og hurða, og eins býður fyrirtækið upp á sérhæfðari vörur eins og borðplötur, kerfisloft og utanhússklæðningar. Allt þetta má skoða í glæsilegum sýningarsal okkar í Ármúla 8, sem var endurnýjaður fyrir skemmstu, með nýjum vörum og áherslum. Þá tók fyrirtækið einnig í notkun nýtt og betra lagerhúsnæði að Holtavegi 8 um síðustu mánaðamót," upplýsir Þórarinn.

## Sterk liðsheild og þjónusta

Verslunin Birgisson hefur verið starfrækt í Ármúla 8 frá árinu 1989 og þar starfa átján starfsmenn.

„Nokkrir starfsmanna okkar hafa starfað hjá fyrirtækinu í yfir tuttugu ár og búa því yfir mikilli reynslu og þekkingu. Starfsfólkið er og verður alltaf mikilvægasta auðlind okkar og því kappkostum við að því líði vel, að það sé gott andrúmsloft á vinnustaðnum og að það sé gaman að mæta í vinnuna," segir Þórarinn.

Stór hluti af sterkri liðsheild Birgisson er áratuga langt samstarf við erlenda birgja.

„Þetta tvennt gerir það að verkum að við getum skilað því sem við státum okkur hvað mest af; úrvals vörum á góðu verði, háu þjónustustigi og þekkingu til okkar viðskiptavina," segir Þórarinn.

## Harðparketið vinsælast

Birgisson býður upp á eitt mesta úrval landsins í harðparketi, frá einum stærsta framleiðanda í Evrópu, Swiss Krono, sem hefur reynst vel og er á mjög góðu verði.

„Við bjóðum upp planka í gæðaflokki AC4 (8mm), upp í AC5++ (14mm), og eru lengstu borðin allt að 2,78 m á lengd. Gráleitir tónar hafa verið hvað vinsælastir, í takt við hefðbundnari hvíttaða tóna," segir Þórarinn.

## Tískan fer í hringi

Í hefðbundnu parketi segir Þórarinn



Þórarinn Gunnar Birgisson er framkvæmdastjóri Birgisson.

að gildi það sama og í harðparketi.

„Nema hvað við finnum nú fyrir aukinni eftirspurn eftir klassískari efnum. Það má nefna Herringbone-mynstrið og Chevron-mynstrið, sem er að verða vinsælt aftur. Við finnum líka fyrir aukinni eftirspurn í þriggja stafa parket, sem við bjóðum upp á frá sænska framleiðandanum Kährs; lakkað með últra-möttu lakki, burstaðri áferð og í fjórum nýjum litum."

## Flísarnar verða stærri og stærri

Í flísum keppa framleiðendur sín á milli um hver getur framleitt stærstu flísarnar.

„Við bjóðum meðal annars upp á flísar frá ítalska framleiðandanum Florim, í stærðum allt að 160x320 mm. Í litavali gildir það sama og í parketinu, það eru gráleitir tónar, en það sem er nýtt og æ meira í móð eru flísar í marmara- og terrazzo-útliti," segir Þórarinn.

## Nýir möguleikar í borðplötum

Í takt við stærri flísar er nú einnig hægt að nota flísarnar sem efnivið í borðplötur sem sóma sér glæsilega í eldhúsum og baðherbergjum.

„Þessar flísar eru fáanlegar í þremur þykktum: 6 mm, 12 mm og 20 mm. Þetta er vörulína sem við munum einbeita okkur að á næsta ári og er verðið langt undir því sem þekkist í hefðbundnum borðplötum úr náttúrusteini," segir Þórarinn.

Birgisson er í Ármúla 8. Sími 516 0600. Sjá nánar á birgisson.is



Marmaramunstur í stórum flísum er hátískan í dag.



Mikil sala hefur verið í stórum grátóna harðparketplönkum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



Það er mikill spenningur þegar jólabjórinn kemur á markað. Hér eru Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Víking brugghúss, og Ólafur S.K. Þorvaldz, bruggari í Ægisgarði, í jólaskapi.

# Nýtt og ferskt bragð í íslenskum jólabjór

**Margir bíða eflaust spenntir eftir að jólabjórinn komi í Vínbúðir í dag. Um 40 tegundir verða í boði og því úr nógu að velja. Í fyrra seldust tæplega 800 þúsund lítrar af jólabjór en salan eykst á hverju ári enda alltaf nýjar bragðtegundir í boði.**

Íslenskur jólabjór hefur lengi verið vinsæll en segja má að saga íslensks jólabjórs sé samofin sögu Víking brugghúss. Árið 1990 var tekin ákvörðun um að Víking kæmi með jólabjór á markað í fyrsta skipti. Það var einungis ári eftir að bjórinn var leyfður aftur á Íslandi og Íslendingar ekki vanir að drekka annað en ljósan lager. Víking jólabjórinn þótti á þessum tíma nokkuð framandi en hann er með skemmtilegt bragð af karamellu og súkkulaði. Bjórinn var þó ekki lengi að vinna sig inn í huga og hjörtu landsmanna og er langmest seldi íslenski jólabjórinn.

Víking brugghús hefur frá upphafi haft það að leiðarljósi að vera leiðandi í bjórframleiðslu á Íslandi. „Við erum sífellt að gera tilraunir með ný hráefni og brugga alls kyns craft-bjóra. Við viljum að næsti Víking bjór sem þú drekkur sé jafngóður, ef ekki betri, en sá sem þú drakkst síðast og þess vegna erum við alltaf að leika okkur með ný hráefni, gera tilraunir og prófa okkur áfram,“ segir Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Víking brugghúss.

Víking brugghús byrjaði nýlega að brugga í Ægisgarði en þar er lítið brugghúsið sem kannski ekki margir vita af. „Þetta brugghús er mun minna en brugghúsið okkar á Akureyri og þess vegna er aðeins auðveldara fyrir bruggarana að leika sér með hráefnið. Við brugguðum einmitt sérstakan bjór fyrir Airwaves í brugghúsinu í Ægisgarði sem fékk nafnið 1999 með skírskotun í fyrsta árið sem hátíðin var haldin. Þarna þróuðum við líka nýja jólabjórinn okkar „Bara kíló pipar“ sem er piparkökuporter með jólalegum keim af kanil og engifer. Við erum að koma með nýja línu af bjór á markað en það eru bjórar sem koma úr „tilraunaeldhúsinu“ okkar. Það eru yfirleitt bjórar sem koma í litlu upplagi og fá litla dreifingu, stundum fara þeir ekki einu sinni í Vínbúðina.“

> „Íslenskur jólabjór hefur fengist hér á landi frá árinu 1990 og stöðugt eykst framboð og bragðtegundum fjölgar.

Víking brugghús bruggar líka Thule jólabjórinn sem kom á markað árið 2013. „Thule jólabjórinn kom inn með hvelli og er líklega skemmtilegasti jólabjórinn. Hann hefur verið næstmest seldi íslenski jólabjórinn á eftir Víking en hann er einstaklega jólalegur millidökkur lager en í bragðinu af honum má finna karamellu, súkkulaði og vel af lakkrís,“ segir Hilmar

Víking brugghús verður með sex tegundir af jólabjór í ár, en auk hinna fyrrnefndu verða það Víking Yule Bock og, í samstarfi við Einstök brugghús, Einstök Doppelbock og Einstök Winter Ale.

„Fólki finnst mjög skemmtilegt að smakka jólabjórana og við bíðum alltaf spennt eftir viðbrögðum við þeim. Við breyttum til dæmis Víking Yule Bock aðeins í ár, settum meira af anís í hann og minnkuðum vanillubragðið svo að fólk finnur aðeins meira lakkrísbragð af honum í ár.“



Jólabjórinn er til í margvíslegum bragðtegundum fyrir þessi jól.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**Bílalíf**



**7 MANNA - 2.270Þ.!!!**
Dísel - Chevrolet Captiva, 7 MANNA, Árgerð 2014, ekinn 129þ.km. Dísel, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 2.270þ.!!! Rnr.246904. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Klettháls. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

**BÍLA GALLERÍ**



**100% LÁN MÖGULEIKI**
TOYOTA YARIS SOL SJÁLFSKIPTUR 1300 VÉL. Árgerð 2008, Ekinn aðeins 106 þ.km, Verð 990 þ. 100% lán möguleiki ! Sjá raðnr.111673 á bilagalleri.is



**100% LÁN MÖGULEIKI**
Subaru Legacy Station Cross Wagon 4x4. Árgerð 2007, Í góður ástandi, ekinn 252 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 790 þ. 100% lán möguleiki Sjá Raðnr.111823. á bilagalleri.is

**Bílagalleri bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

**Toyota Kauptúni**



LEXUS NX300h Luxury Hybrid. 2015, ekinn 24 Þ.KM, bensín/ rafmagn, sjálfskiptur. Verð 7.950.000. Rnr.991161. Betra verð kr. 6.990.000.-

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

**SPARIbíll**



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**
Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

**SUZUKI**



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@ simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt að leika sér

# 4x4 bílar - góðir í vetur!



TILBOÐ 4.990.000
**MMC Outlander instyle phev + 4x4.**
Árgerð 2017, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **TILBOÐ 4.990.000.** **Ásett verð 5.290.000.** Einn með öllu. Rnr.116038.



TILBOÐ 5.890.000
**SKODA Kodiaq 4x4 ambition.**
Árgerð 2017, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **TILBOÐ 5.890.000.**
**Ásett verð 6.350.000** Rnr.116026.



TILBOÐ 1.390.000
**SUZUKI Swift 4x4.**
Árgerð 2015, ekinn 96 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **TILBOÐ 1.390.000.**
**Ásett verð 1.550.000** Rnr.212611.



TILBOÐ 2.550.000
**SKODA Octavia 4x4.**
Árgerð 2015, ekinn 99 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 2.550.000.**
**Ásett verð 3.190.000** Rnr.212677.



**VOLVO S80 awd v8.**
Árgerð 2006, ekinn 143 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.490.000.**
1 með öllu Rnr.212701.



TILBOÐ 3.690.000
**SKODA Superb 4wd.**
Árgerð 2015, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOÐ 3.690.000.**
**Ásett verð 4.290.000** Rnr.115944.



**SUBARU Forester premium.**
Árgerð 2014, ekinn 64 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.980.000.** Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.212694.



TILBOÐ 2.190.000
**DACIA Duster.**
Árgerð 2016, ekinn 60 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 2.190.000.**
**Ásett verð 2.490.000** Rnr.116049.



**KIA Sportage.**
Árgerð 2016, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.790.000.**
Rnr.340813.



**TOYOTA Rav4 x.**
Árgerð 2012, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.490.000.**
Rnr.219217.

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS**
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**



TILBOÐ 7.190.000
**TOYOTA Land cruiser 150 gx.**
Árgerð 2016, ekinn 60 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOÐ 7.190.000.**
**Ásett verð 7.890.000** Rnr.212587.



TILBOÐ 2.150.000
**TOYOTA Land cruiser 120 gx.**
Árgerð 2005, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. **TILBOÐ 2.150.000.**
**Ásett verð 2.490.000** Rnr.212698.



**LAND ROVER Discovery 4 hse.**
Árgerð 2013, ekinn 79 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.790.000.**
Stærri vélin Rnr.212699.

Bílafjármögnun Landsbankans

## Óheimilt að greiða í söluþóknanir

Fjármálaráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu árið 2010 að óheimilt væri að ráðstafa iðgjöldum þeirra sem eru með viðbótarlífeyrissparnað í þóknanir til sölumanna. Einungis mætti ráðstafa iðgjöldunum í beinan sparnað til öflunar lífeyrisréttinda.

Viðmælandi Markaðarins, sem þekkir vel til mála, segir að það hljóti að teljast í besta falli vafasamt að stór hluti óskattlagðra iðgjalda – en iðgjöld launþega til aukningar lífeyrisréttinda eru undanþegin tekjuskatti lögum samkvæmt – renni beint í vasa sölumanna erlendra lífeyristrygginga. Slíkar iðgjaldagreiðslur eigi að renna til viðbótarsparnaðar. Annað standist vart skattareglur.

Þess má geta að Morgunblaðið greindi frá því sumarið 2014 að þóknanagreiðslur til söluaðila erlendra tryggingafélaga hér á landi hafi numið fjórum milljörðum króna á árunum 2009 til 2013.

Fréttablaðið greindi frá því í september árið 2010 að Arion banki og KB ráðgjöf hefðu ákveðið að hætta að bjóða upp á nýja samninga í lífeyrissparnaðarleiðinni Vista í kjölfar þess að fregnir bárust af því að sex greiðslur mánaðarlegra iðgjalda hefðu ekki runnið í lífeyrissparnað viðskiptavina, heldur í upphafsþóknun til KB ráðgjafar. Fjármálaráðuneytið gerði athugasemd við umrætt fyrirkomulag og tók skýrt fram í svari til Fréttablaðsins að „iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt samningi um séreignarsparnað skal einungis verja til öflunar lífeyrisréttinda. Ekki sé að finna nein frávik frá þeim lögum.“

**908**

**milljónir króna er samanlagður hagnaður Allianz á Íslandi árin 2015 og 2016.**

**706**

**milljónir króna er samanlagður hagnaður Sparnaðar árin 2011 til 2015.**

boði eru tvenns konar vörur eða sparnaðarform þegar kemur að viðbótarlífeyrissparnaði. Annars vegar hefðbundinn séreignarsparnaður og hins vegar lífeyristryggingar,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins. „Á þessu tvennu er mikill munur en við markaðssetningu og kynningu á séreignarsparnaði eru þessi ólíku sparnaðarform á hinn bóginn oft lögð að jöfnu. Ég benti meðal annars á þetta í grein árið 2014.“

Aðspurður útskýrir Ólafur Páll að samningar um séreignarsparnað, sem gerðir eru við lífeyrissjóð eða banka, kveði á um að iðgjald skuli varðveitt á bundnum innlánsreikningi eða í sérstakri fjárfestingarleið. „Slíkir samningar byggja á sjóðssöfnun. Helstu einkenni slíks sparnaðar eru að hægt er að taka inneign út að hluta eða í heild eftir sextugt. Unnt er að flytja inneign á milli vörsluaðila með litlum eða engum tilkostnaði. Þá skerðist inneign ekki þótt greiðslur falli niður í lengri eða skemmri tíma. Þóknanir eru líka almennt lágar og engin þóknun er við upphaf samnings.

Þá er hægt að nýta þennan sparnað skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð hvort sem er með greiðslum inn á lán eða með söfnun,“ segir hann.

Ólafur Páll segir að lífeyristrygging sé annars eðlis en hefðbundinn séreignarsparnaður. „Samningur um kaup á lífeyristryggingu felur í sér langtímaskuldbindingu – oft til margra ára eða áratuga – af hálfu kaupandans. Inntak slíkra samninga er eðli máls samkvæmt annað en samninga um lífeyrissparnað enda er um tryggingarsamning að ræða. Heimilt er að flytja réttindi sem byggja á lífeyristryggingu til annarra vörsluaðila og taka réttindi út eftir sextugt.“

Hafa beri í huga að í mörgum tilvikum taki kaupandi lífeyristryggingar á sig áföll sem rýra inneignina, til dæmis ef taka á inneignina hraðar út en samningur kveður á um. „Viðkomandi getur þurft að sjá á eftir töluverðum fjárhæðum vegna þessa. Slíkt á ekki við um hefðbundinn séreignarsparnað. Við andlát rétthafa lífeyristryggingar rýrist inneignin sem rennur til erfingja. Inneign í hefðbundnum séreignarsparnaði rennur á hinn bóginn óskert til erfingja.

„Þóknanir vegna lífeyristrygginga eru mun hærri og sérstaklega í upphafi en það eru einmitt verðmætustu iðgjöld viðskiptavinarins. Þá getur hluti inneignar tapast ef greiðslur falla niður, til dæmis vegna atvinnuleysis eða náms,“ nefnir Ólafur Páll.

### FME getur beitt sér

Rúnar útskýrir að erlendu vátryggingafélögin, svo sem Allianz og Bayern, sem nefnd voru í fyrirspurn Markaðarins til FME, hafi nýtt sér staðfesturétt sinn á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til þess að veita þjónustu hér á landi. Í slíkum tilvikum fari eftirlitið í heimaríkjum fyrirtækjanna, Þýskalandi í umræddu tilfelli, með eftirlit með starfsemi félaganna.

„Félögin lúta þannig eftirliti þýska fjármálaeftirlitsins. En á grundvelli laga um vátryggingastarfsemi eigum við hjá FME að grípa inn í ef við verðum þess vör að erlend félög séu ekki að fara að lögum hér á landi, til dæmis hvað varðar upplýsingagjöf, svo dæmi sé tekið. Við myndum þá ávallt grípa til slíkra ráðstafana að höfðu samráði við eftirlitið í heimaríkinu.

Í undantekningartilvikum myndum við geta gripið beint inn í starfsemi erlendra félaga ef, eins og segir í lagatextanum, þau með grófum hætti eða ítrekað brjóta hérlend lög eða reglugerðir og ekki hefur verið unnt með kröfum eða aðgerðum að fá bætt úr því sem úrskeiðis hefur farið,“ nefnir hann.

Aðspurður nefnir Rúnar að erlendu vátryggingafélögunum sé ekki skylt að skila FME upplýsingum um starfsemi sína, eins og til dæmis fjárhagsupplýsingum, í ljósi þess að eftirlitið í Þýskalandi fari með eftirlit með félögunum. „Þær upplýsingar sem við fáum um starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi eru upplýsingar um iðgjaldamagn, þannig að við eigum með tíð og tíma að vera í stakk búin til þess að hafa upplýsingar um umfang viðskipta þessara félaga hér á landi.“

Auk þess fái Fjármálaeftirlitið upplýsingar um fjárhag félaganna þegar þau hefja starfsemi hér á landi. Eftirlitið í heimaríkinu þurfi þá að staðfesta að fjárhagur félaganna sé í lagi og að félagið uppfylli fjárhagslegar kröfur, svo sem hvað varðar gjaldþol.

„Í hreinskilni sagt finnst mér að neytendavernd mætti vera meiri þegar kemur að lífeyristryggingum,“ segir Ólafur Páll. „Það er okkar upplifun að margir geri sér alls ekki grein fyrir muninum sem er á lífeyristryggingum annars vegar og séreignarsparnaði hins vegar.“ Hann bendir auk þess á að innlendir vörsluaðilar, svo sem lífeyrissjóðir og bankar, lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins hér á landi á meðan söluaðilar erlendra lífeyristrygginga lúti eftirliti heimaríkis. „Það eftirlit virðist ekki jafn virkt,“ segir hann.

„Við höfum alltaf bent okkar viðskiptavinum á að kynna sér þær vörur vel sem eru í boði á þessum markaði. Séreignarsparnaðurinn hefur reynst sérlega vel sem sparnaðarform. Í mörgum tilvikum eru þetta fjárhæðir sem skipta miklu máli hjá fólki og munu örugglega gera það í framtíðinni eftir því sem höfuðstóllinn vex. Það er því mikilvægt að fólk sé meðvitað um eðli vörunnar og kynni sér málin vel,“ segir Ólafur Páll.

> **Í hreinskilni sagt finnst mér að neytendavernd mætti vera meiri þegar kemur að lífeyristryggingum.**
>
> Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins






# Á ávallt að greina tilefni vaxtahækkunar í lánssamningi við neytendur?



**Arnar Þór Stefánsson og Viðir Smári Petersen**
hæstaréttarlögmenn hjá LEX



Í síðasta mánuði féll dómur í Hæstarétti Íslands þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hefði brotið gegn tilteknum ákvæðum laga um neytendalán með því að tilgreina ekki í lánssamningi við lántaka við hvaða aðstæður vextir á láni hans gætu breyst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þann 12. október síðastliðinn gekk dómur í Hæstarétti Íslands þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hefði brotið gegn tilteknum ákvæðum laga um neytendalán með því að tilgreina ekki í lánssamningi við lántaka við hvaða aðstæður vextir á láni hans gætu breyst. Lántakinn hafði fengið lán hjá bankanum sem bar breytilega vexti, en í skuldabréfinu sem var gefið út í tilefni lántökunnar kom ekki fram hvaða utanaðkomandi þættir gætu haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á vöxtunum. Dómurinn hefur það í för með sér að Íslandsbanka er bannað að breyta vöxtum lánsins. Lán lántakans verður því í reynd lán með föstum en ekki breytilegum vöxtum.

Dómurinn er um margt áhugaverður og felur í sér áréttingu á mikilvægi upplýsingagjafar þegar kemur að neytendalánum. Í dóminum reyndi einungis á skýringu eldri laga um neytendalán frá árinu 1994 og verða fjármálafyrirtæki (og lífeyrissjóðir) að gæta að því að sambærileg ákvæði um þessi atriði í nýju lögunum frá árinu 2013 eru jafnvel enn strangari. Ýmsir þankar hafa leitað á höfunda þessarar greinar eftir uppkvaðningu dómsins sem þeim fannst rétt að setja niður á blað í fáeinum orðum. Varða þær einungis skýringu á eldri lögunum frá 1994, sem reyndi á í fyrrgreindum dómi.

Ætla verður að fordæmisgildi dómsins sé líklega takmarkað við það þegar ekkert kemur fram í skuldabréfi/lánssamningi um hvað geti leitt til breytingar á vöxtum. Hæstiréttur áréttar einmitt sérstaklega í forsendum sínum að ekkert hafi komið fram um þetta í skuldabréfinu sem þar um ræddi og taldi rétturinn þegar af þeim sökum að skilmálar þess hafi ekki uppfyllt skilyrði laga um neytendalán. Þeirri spurningu er því ósvarað hvernig fara eigi með skilmála þar sem einhverjar (en þó ekki tæmandi) upplýsingar um þetta atriði koma fram.

**Lánskjör og vextir Seðlabankans**

Varla er hægt að gera þá kröfu til lánveitanda að hann tilgreini með tæmandi hætti hvaða atriði geti haft áhrif til breytingar á vöxtum. Slíkt væri, að mati greinarhöfunda, of ströng túlkun á lögunum, enda eru engar vísbendingar um það, hvorki í lögunum né frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi, hversu ítarlegar upplýsingarnar eigi að vera. Hafa verður í huga að tilgangur þeirra ákvæða sem reyndi á í dómi Hæstaréttar er að veita neytandanum helstu upplýsingar um lánveitinguna á aðgengilegu formi, svo að hann sé betur í stakk búinn til þess að leggja mat á áhætturnar af lánveitingunni. Of miklar, flóknar og tæknilegar upplýsingar gætu í raun snúist upp í andhverfu sína að þessu leyti. Að okkar mati gæti af þeim sökum dugað að nefna í dæmaskyni þau helstu atriði sem geta haft áhrif á vextina. Hæstiréttur gæti talið slíka skilmála lögmæta. Hér skal þó tekið fram að í nýju neytendalánalögunum eru skýrari fyrirmæli um hvaða upplýsingar lánveitanda ber að veita að þessu leyti.

> Varla er hægt að gera þá kröfu til lánveitanda að hann tilgreini með tæmandi hætti hvaða atriði geti haft áhrif til breytingar á vöxtum.

Þá má einnig velta því fyrir sér hvort óþarft sé fyrir fjármálafyrirtæki að tilgreina augljós atriði sem geta haft áhrif til breytingar á vöxtum, eins og t.d. vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands. Ekki er ósanngjarnt að ætlast til þess að almennum neytanda, sem tekur lán með breytilegum vöxtum, eigi að vera kunnugt um að vaxtastig Seðlabankans geti haft áhrif á lánskjör hans. Er það enda augljóslega fyrirsjáanlegt fyrir neytendur, sem aðra, að þegar samið er um heimild til hækkunar á vöxtum eigi slík heimild að minnsta kosti við þegar kostnaður lánveitanda af láni til neytanda hækkar. Er rétt í þessu efni meðal annars að hafa í huga ákvæði 3. mgr. 14. gr. neytendalánalaganna frá 1994 en af því ákvæði leiddi að neytandi varð að bera kostnaðarauka af láni, þótt hann hafi ekki verið tilgreindur í lánssamningi, ef lánveitandinn gat sannað að lántaka mátti vera um hann kunnugt. Virðist þetta síðastnefnda atriði ekki hafa komið til sérstakrar skoðunar í hinum nýlega dómi eða verið reifað þar sérstaklega.

**Þarf skýrari línur**

Hér hafa verið leidd rök að því að ekki megi draga afdráttarlausar ályktanir af forsendum hins nýlega dóms. Virðist því ljóst að Hæstiréttur þurfi að fjalla nánar um þau atriði sem hér hafa verið rakin í fleiri dómum svo skýrari línur fáist. Að lokum eru ýmis uppgjörsatriði sem gæti þurft að huga að, og ekki er fjallað um í dóminum, ekki ósvipað því sem gerðist í eftirmálum gengistryggingadómanna. Endurreikna þarf þau lán sem fela í sér ólögmæt eða ófullnægjandi ákvæði um breytilega vexti og falla með skýrum hætti undir fyrrgreint fordæmi. Þá geta risið álitaefni um til dæmis endurkröfurétt neytenda sem þegar hafa greitt upp lán sín, mögulega fyrningu krafna þeirra, gildi fullnaðarkvittana og fleiri atriði. Við öllum þessum atriðum verða dómstólar væntanlega að veita endanleg svör.




## Besta ár sögunnar?



**Sigrún Hjartardóttir**
verkefnastjóri í Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka.

Það hefur varla farið fram hjá neinum núlifandi Íslendingi að ferðaþjónusta hefur á undanförnum árum vaxið frá því að vera nokkurs konar sumarvertíð yfir í að vera stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Þrátt fyrir óhjákvæmilega vaxtarverki í kjölfar ævintýralegrar aukningar getum við í heildina verið nokkuð sátt við hvernig til hefur tekist við að þróa og aðlaga þjónustuframboðið. Þannig hafa fjöldamörg ný og spennandi fyrirtæki orðið til og um tíma virtist sem engin leið væri að tapa peningum á því að starfrækja félag í ferðaþjónustu. Það er þó vitaskuld einföldun og að baki liggur mikil vinna og einurð fólks sem gjarnan hefur mikla ástríðu fyrir því sem það gerir. Fyrir marga er ferðaþjónusta næstum því lífsstíll fremur en starf.

En nú eru ákveðnar blikur á lofti í greininni. Sterkari króna og miklar kostnaðarverðshækkanir, einkum launakostnaður, eru farnar að setja strik í reikninginn í rekstri sem er í eðli sínu fremur mannaflsfrekur. Þá eru vísbendingar um að búið sé að verðleggja áfangastaðinn Ísland út af ákveðnum mörkuðum. En hverjar sem ástæðurnar eru er það sannarlega eðlilegur hluti þróunar atvinnugreina að fara í gegnum þrengingar. Þær eru raunar oftar en ekki hreyfiafl breytinga og sameininga fyrirtækja. Til verða stærri og öflugri einingar með sterkari rekstrargrundvöll og meira bolmagn til að takast á við sveiflur.

Vel framkvæmdar sameiningar ættu að öðru óbreyttu að spara kostnað við ýmsa miðlæga þjónustu, s.s. bókanir, sölu- og markaðsmál, bókhald og fjármál. Að auki geta sameinuð félög í einhverjum tilfellum nýtt rekstrarfjármuni betur og boðið viðskiptavinum stærri hluta af virðiskeðjunni. Framangreint gerir það að verkum að rými skapast til sérhæfingar í störfum sem aftur frelsar tíma fyrir eigendur og/eða stjórnendur til að einblína á kjarnareksturinn og stefnu félagsins fram á við. Með því næst meiri yfirsýn og líkur aukast á betri árangri. Það er auðveldara en marga grunar að eiga „besta ár sögunnar“ í sölu og tekjum en skila engu að síður litlum hagnaði, eða jafnvel tapi, af því að yfirsýn yfir rekstrarkostnaðinn skorti.


HB
HÚSGAGNABANKINN - LAGERSALA
Faxafen 10 - opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Rubelli
hægindastóll
í sterku áklæði
snúningur og rugga
59.000
Bronson
Rafknúinn
hægindastóll
í sterku áklæði
89.000
Viceroy
Rafknúinn
hægindastóll
alklæddur ekta leðri
119.000
19.000
Barrock klukka
Sjónvarpsskápur 121sm
117.000
Victorian innskotsborð
48.000
Sjónvarpsskápur 150 sm
139.000
29.000
Tiffany lampi
Borðstofuborð m. stækkun
160.000
Hepplewhite stóll
34.000
Vanessa skenkur 175 sm
137.000
13.000
Ugla
Lyftistóll - áklæði
2 mótorar
125.000
Lyftistóll - leður
2 mótorar
159.000
Hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
89.000
Chippendale skenkur 145sm
149.000
ILIFE
34.000
ILIFE A4s, ryksuguvélmenni
Sófaborð 110sm
73.000
Sófaborð 110sm
79.000
Hornskápur
79.000
Glerskápur - 120 sm
159.000
Glerskápur - 180 sm
235.000
ILIFE
46.000
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
með ósýnilegum vegg
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

# Skotsilfur

## Nýr formaður Keahótela



Ný stjórn hefur tekið til starfa hjá Keahótelum eftir að fjárfestingasjóðir frá Alaska í Bandaríkjunum gengu frá kaupum á 75 prósenta hlut í hótelkeðjunni í ágúst síðastliðnum. Þá hefur Fannar Ólafsson einnig tekið sæti í stjórn Keahótela en hann er á meðal fjárfesta sem eiga fjórðungshlut í hótelkeðjunni í gegnum félagið Tröllahvönn. **Margrét Tryggvadóttir**, aðstoðarforstjóri fjarskiptafyrirtækisins Nova, er nýr stjórnarformaður en aðrir í stjórn félagsins eru meðal annars Jonathan Rubini, annar eigenda JL Properties, og Hugh Short, stofnandi PT Capital Advisors, en sá sjóður keypti einnig helmingshlut í Nova fyrr á árinu.

## Blæs út



Í nýju ársriti Samtaka fjármálafyrirtækja er bent á að á sama tíma og bankakerfið hafi minnkað umtalsvert á undanförnum árum hafi kostnaður fjármálafyrirtækja vegna opinbers eftirlits hækkað mikið. Þannig nam rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins, en **Unnur Gunnarsdóttir** er forstjóri stofnunarinnar, um 1,1 milljarði króna árið 2010 en var kominn í yfir tvo milljarða króna í fyrra. Kostnaðurinn hefur þannig hækkað um milljarð á sjö árum. Þetta þykir fjármálafyrirtækjum full mikið af hinu góða. Er tekið fram í ritinu að fulltrúar þeirra í sérstakri samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila hafi lagt til að ráðist verði í allsherjarrekstrarúttekt á FME.

## Lítil viðbrögð



Ekki er hægt að segja að fjárfestar hafi brugðist að neinu ráði við nýju virðismati IFS greiningar á Marel sem birt var í lok síðustu viku. Sérfræðingar IFS meta gengi hlutabréfa félagsins á 426,1 krónu en gengið var 331 króna þegar markaðir lokuðu í gær. Munurinn er tæplega 30 prósent. Margir fjárfestar velta því nú fyrir sér hvort stjórnendur Marels hafi hug á því að skrá félagið í erlenda kauphöll. Forstjórinn, **Árni Oddur Þórðarson**, sagði í samtali við ViðskiptaMoggann um daginn að engin slík ákvörðun hefði verið tekin að svo stöddu.

# Spá kólnun á sænskum fasteignamarkaði



**Húsnæðisverð í Svíþjóð hefur náð hámarki, að mati bankastjóra tveggja sænskra banka, og má búast við kólnun á markaðinum á næstu misserum. Á það sérstaklega við um húsnæðisverð í höfuðborginni, Stokkhólmi, þar sem hækkunin hefur verið hvað mest undanfarin ár. „Við sjáum viðvörunarmerki alls staðar," segir Johan Torgeby, bankastjóri SEB. Húsnæðisverð er þegar byrjað að lækka samkvæmt nýjum tölum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Forgangsröðun í þágu innviða



**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Ný ríkisstjórn verður að forgangsraða í þágu innviða. Samgönguáætlun og ríkisfjármálaáætlun þarf að uppfæra í ljósi þess að auka þarf framkvæmdir og aukið fjármagn þarf í innviðaframkvæmdir á næstu árum. Ný ríkisstjórn þarf að móta heildstæða stefnu um uppbyggingu innviða – innviðastefnu – enda eykst þá yfirsýn og skilvirkni á þessu sviði. Innviðir eru lífæðar samfélagsins. Innviðir skapa hagvöxt, störf og lifandi samfélag. Með fjárfestingu í samgöngum, orku-, vatns-, og hitaveitum, skólum og sjúkrahúsum, fjarskiptakerfi og fleiri innviðum er fjárfest í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar.

Í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga sem kom út fyrir skömmu og fjallar um ástand og framtíðarhorfur innviða hér á landi kemur fram að hluti innviða er í slæmu ástandi og þarfnast nauðsynlega viðhalds. Í skýrslunni kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða sé í heild 372 milljarðar króna. Verst er ástand vega og fráveitna en þar er uppsöfnuð viðhaldsþörf um 150 milljarðar.

Uppsöfnuð viðhaldsþörf er mikil vegna þess að innviðum hefur ekki verið sinnt sem skyldi síðustu ár. Þannig hefur, svo dæmi sé tekið, fjárfesting hins opinbera verið lítil í samgöngum á undanförnum árum þrátt fyrir að umferð bifreiða hafi margfaldast með meiri efnahagsumsvifum og auknum fjölda ferðamanna. Er nú svo komið að tafir og slys af þessum völdum eru verulegur kostnaður fyrir samfélagið allt.

Í umræðum stjórnmálaflokkanna fyrir kosningar til Alþingis kom glögglega fram að einhugur er hjá flokkunum um þörfina fyrir að fara í nauðsynlegar umbætur innviða á því kjörtímabili sem nú er hafið. Kom það til dæmis skýrt fram á fundi sem Samtök iðnaðarins héldu með frambjóðendum allra flokkanna rétt fyrir kosningar að þau skynjuðu vandann og þörfina á að bregðast hratt við honum.

> **Innviðauppbygging verður að fá veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar og umtalsvert aukið umfang í fjárlögum næstu ára.**
>
> Ingólfur Bender hagfræðingur

Nú þegar hægir á hagvextinum og fram undan er tímabil þar sem slaknar á spennunni í hagkerfinu er rétti tíminn til að huga að uppbyggingu innviða. Umfang verkefnisins er mikið og þarfnast talsverðs tíma í undirbúningi. Einnig er framkvæmdatími langur, oft nokkur ár. Því er þörf að fara strax í þessa vinnu þannig að tryggt sé að við nýtum það svigrúm sem efnahagsaðstæðurnar á kjörtímabilinu skapa til að fara í þessar framkvæmdir en aðstæður munu samkvæmt spám einkennast af mun minni hagvexti en verið hefur og vaxandi atvinnuleysi.

Fjárhagsleg staða hins opinbera hefur batnað mikið á síðustu árum og er það því betur í stakk búið en áður var til að fara í innviðaframkvæmdir. Bent hefur verið á að ríkið getur nýtt það svigrúm sem rífleg eiginfjárstaða ríkisbankanna skapar. Uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða er hins vegar það mikil að ljóst er að hið opinbera ræður ekki eitt við þá framkvæmd. Vel þekkt er að fjármagn úr einkageiranum getur aðstoðað hið opinbera í uppbyggingu innviða. Höfum við dæmi um það hér á landi og mörg vel heppnuð dæmi eru um það erlendis frá. Má í þessu sambandi benda á ágæta greiningu Greiningardeildar Arion banka um þetta efni þar sem meðal annars kemur fram að sparnaður einkaaðila hér á landi hefur aukist á síðustu árum sem gefur þeim aukið svigrúm til þess að taka þátt í svona framkvæmdum.

Innviðauppbygging verður að fá veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar og umtalsvert aukið umfang í fjárlögum næstu ára. Með forgangsröðun og skipulagningu höfum við núna tækifæri til þess að gera þarft átak á þessu sviði til hagsbóta fyrir samfélagið allt án þess að það raski stöðugleikanum.

# Vörumerki og persónuleiki, vertu þú sjálf/ur



**Ósk Heiða Sveinsdóttir**
markaðskona og FKA-félagskona

Það er þetta með persónuleikann, allir eru með einn og þeir eru eins ólíkir og þeir eru margir, sumir heillandi aðrir ekki. Hvað með vörumerki?

Þú hefur 5 sekúndur, hver er persónuleiki þíns vörumerkis? Varstu í vandræðum með að svara þessu, skiptir það máli?

Já, það er vissara að vera með þetta á hreinu og hvað vörumerkið stendur fyrir. Mikilvægt er að þú finnir þetta út fyrir þitt vörumerki, ekki láta samkeppnina skilgreina þig. Persónuleiki vörumerkis skiptir einnig miklu máli þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi merkisins, sérstaklega þegar lögð er áhersla á samþætta markaðssetningu þar sem öll skilaboð sem fyrirtækið sendir frá sér, frá samskiptum við viðskiptavini á samfélagsmiðlum til atvinnuauglýsinga og almannatengsla, séu í takt og innihaldi í grunninn sama rödd en aðlöguð fyrir hvern flöt og miðil. Sé lagt í þá vinnu að skilgreina persónuleika vörumerkisins verða samskipti við viðskiptavini og starfsmenn markvissari og skýrari.

Gott er að nota mannleg einkenni við að finna röddina, ef vörumerkið væri persóna, hver væri hún? Kona, karlmaður eða hvorugt, aldur, hvernig hagar hún sér og hvaða skoðanir hefur hún. Hvað elskar persónan og hvað myndi hún aldrei segja eða gera? Hugsaðu um hvernig þú vilt að markhópurinn upplifi vörumerkið og hvaða tilfinningar og viðbrögð það veki.

Dæmi um þetta er vörumerki þar sem persónuleikinn er fágaður, yfirvegaður og heiðarlegur, þá stingur í stúf ef auglýsingar tækju mið af því en á samfélagsmiðlum myndi vörumerkið birtast sem kjánalegt og svara með gríni og hroka. Þessari vinnu lýkur aldrei, á meðan vörumerkið er í notkun verður að sinna því og viðhalda. Ef því er ekki sinnt er hætta á því að skilaboð til viðskiptavina verði ómarkviss og úr karakter, sem gefur samkeppninni tækifæri til að láta til sín taka. Mörg íslensk vörumerki eiga mikið inni skilgreini þau sinn persónuleika og noti til að aðgreina sig frá samkeppninni og ná betur í gegn með sannri rödd þar sem skilaboð og tónn styðja hvort annað.

Það er enginn betri í að vera þú en einmitt þú, sama á við um vörumerki.

# BETRIBILAKAUP.iS

S: 511 2777

# Volvo XC90 T8 2018

Einstaklega glæsilegur bæði að utan og innan!
Pantaðu fyrir lok Nóvember og fáðu 620.000 kr afslátt

## Verð frá 7.390.000 kr!



Greiðir aðeins 330.000 kr við pöntun



Verð hjá samkeppnisaðilum 9.190.000kr

Allir Aukahlutir á frábærum kjörum!

# Grænn umhverfisvænn Maxus EV80

100% Rafbíll með alvöru drægni

—

Einungis 2 klukkustunda hleðsla



Verð 6.890.000 kr

Glæsilegur Rafsendibíll

- *56 KW Batterý*
- *150 km drægni á vetri til*

Ábyrgð

- *5 ár eða 100.000km á rafhlöðu*
- *3 ár eða 100.000km bifreið*

SAIC

Ármúla 4-6, Reykjavík|Firðinum, Hafnarfirði
511 2777 | sala@betribilakaup.is
www.facebook.com/betribilakaup.is

BETRIBILAKAUP.iS

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 15. nóvember 2017
vísir www.visir.is
Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Lífseigir miðlar

**Þýski stórmarkaðsrisinn** Lidl hefur náð eftirtektarverðum árangri undanfarin ár, og hefur í auknum mæli beint sjónum sínum út fyrir heimalandið. Lidl hefur á einungis fimm árum náð því að vera fimmti stærsti stórmarkaðurinn á Bretlandi að því er varðar veltu, og er aukinheldur sá sem verið hefur að bæta við sig mestri markaðshlutdeild. Söluaukning félagsins milli ára nam þannig 18% á þriðja fjórðungi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra. Ljóst er því að markaðsdeild Lidl er að gera eitthvað rétt.

**Því var** eftirtektarvert að heyra markaðsstjóra félagsins láta hafa eftir sér að Lidl legði langmesta áherslu á auglýsingar í því sem kalla má hefðbundnum miðlum, það er sjónvarpi, útvarpi og prentmiðlum. Þar telur markaðsstjórinn að mestur árangur náist, og að mest fáist fyrir þá peninga sem lagðir eru til markaðsmála. Hvað nýmiðla varðar, og þá á hann fyrst og fremst við vélrænar auglýsingar á netinu sem birst geta bæði á vefmiðlum eða á samfélagsmiðlum, þá telur hann þá dýra og að erfitt sé að mæla árangur.

**Athyglisvert** er að bera þessa reynslu markaðsstjórans og Lidl saman við nýlegar tölur um auglýsingatekjur íslenskra fjölmiðla, en þar kemur fram að auglýsingatekjurnar voru helmingi minni að raunvirði árið 2015 en árið 2007 þegar þær náðu sögulegu hámarki. Nú er ljóst, þótt ekki liggi fyrir opinberar tölur, að auglýsingakaup hafa ekki dregist saman á Íslandi sem þessu nemur. Því má gera ráð fyrir því að það sem upp á vantar, og mögulega meira til, hafi runnið í auglýsingar á netinu ýmiss konar, t.d. til samfélagsmiðla á borð við Facebook, Instagram, Snapchat eða YouTube. Kaka innlendra vefmiðla er hins vegar enn mjög smá.

**Í þessu** samhengi er sú nálgun Samkeppniseftirlitsins að skilgreina erlenda samfélagsmiðla ekki sem keppinauta hefðbundinna fjölmiðla í besta falli hlægileg. Auðvitað starfa þessir aðilar á sama markaði og keppa um sömu auglýsendur. Þessar nýju tölur um auglýsingar eru lifandi vitnisburður um það.

**Hitt er** annað mál að orð markaðsstjóra Lidl benda til þess að þróunin sé mögulega ekki óafturkræf. Ef það er reynsla þess fyrirtækis á Bretlandseyjum sem hefur verið í mestri markaðssókn að hefðbundnir miðlar virki best, þá hljóta aðrir að upplifa það sama eða að minnsta kosti að veita ummælunum eftirtekt. Er hitt ekki líklegra að sannleikurinn liggi einhvers staðar á miðri leið? Hefðbundnir fjölmiðlar lifa vissulega í breyttum heimi, en þeir eru langt í frá dauðir úr öllum æðum.

UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Eyþór Arnalds hagnast um 60 milljónir


Eyþór Arnalds.

Eignarhaldsfélagið Ramses, sem er í eigu Eyþórs Arnalds fjárfestis, hagnaðist um rúmlega 60 milljónir króna í fyrra borið saman við hagnað upp á 492 milljónir á árinu 2015. Eyþór er meðal annars stærsti einstaki hluthafi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, með tæplega 23 prósenta hlut en hann kom inn í hluthafahóp félagsins í apríl á þessu ári.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Ramses er hagnaður félagsins að mestu tilkominn vegna tekna af hlutabréfum. Heildareignir í árslok 2016 námu tæplega 706 milljónum, en þar af voru lán til tengdra aðila um 280 milljónir. Eigið fé félagsins var liðlega 707 milljónir og lagði stjórn þess til að greiddur yrði arður til hluthafa að fjárhæð 50 milljónir.

Á meðal fjárfestinga sem Eyþór hefur komið að á undanförnum árum er kísilver Thorsil í Helguvík og þá keypti hann ferðaþjónustufyrirtækið Special Tours í Reykjavík, sem gerir út báta til hvalaskoðunar í Faxaflóa, vorið 2016. – **hae**

**13.11.2017**

**Það er eins og það eigi að þagga niður í gagnrýni minni á Hæstarétt. Ég á ekki von á að það beri mikinn árangur.**


Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrv. hæstaréttardómari

Á myndina vantar Kjartan Óla Eiríksson 1970–2015

Um 200 Íslendingar látast árlega úr ótímabærum hjarta- og æðaáföllum. Um 12 þúsund manns á aldrinum 50–70 ára glíma við afleiðingar slíkra áfalla og lifa við skert lífsgæði vegna þeirra. Með markvissri leit er hægt að finna þessa einstaklinga áður en það er um seinan og koma í veg fyrir áföllin.

Við söfnum fyrir fyrirbyggjandi leit og innleiðingu á öllum heilsugæslum landsins.

Finnum fólk í lífshættu
Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

907 1502 2.000 KR. | 907 1505 5.000 KR. | 907 1508 8.000 KR.

HJARTAVERND

HREYFING HEILSULIND · Apótekarinn · ÞG-VERK · BLUE LAGOON ICELAND



## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér ýmiss konar húsaviðhald s.8478704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www. gitarinn.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122. Lokað frá 12. nóvember - 5. desember.

# Heilsa

## Nudd

THAI
Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu. HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Til leigu

**SÍÐUMÚLI - LEIGA**

**TIL LEIGU 2 RÚMGÓÐ SKRIFSTOFUHERB. Á BESTA STAÐ. GÓÐ SAMEIGN, NÆG BÍLASTÆÐI.**

**Upplýsingar í 822 4850 eða haukur@fastis.is**

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
*á mánuði
365

## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

## Fundir / mannfagnaður

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Búmenn hsf.

**Upplýsingafundur fyrir félagsmenn í Reykjavíkurdeild Búmanna hsf. verður haldinn í Guðríðarkirkju mánudaginn 27. nóvember 2017 kl. 17:00.**

**Dagskrá:**
Formaður og varaformaður félagsins fara yfir stöðuna hjá félaginu, hvað hafi áunnist, hvað er framundan.
Fyrirspurnir og umræður.

***Stjórn Reykjavíkurdeildar Búmanna hsf.***

## Fasteignir

HÚSASALAN




**Bólstaðarhlíð 40 – OPIÐ HÚS Í DAG**
Falleg og rúmgóð 92,3 fm fjögurra herbergja íbúð á 3.hæð. Íbúðin skiptist í forstofuhol, eldhús með borðkrók, stofu, baðherbergi og þrjú herbergi. Verið er að ljúka við framkvæmdir utanhúss og er húsið viðgert og málað með nýjum svalahandriðum og endurnýjuðum gluggum að hluta. Góð staðsetning í vinsælu hverfi, stutt í verslanir, leikskóla og grunnskóla. Stór parketlögð stofa með vestursvölum og útsýni. **Verð 42,9 m. Opið hús í dag miðvikudaginn 15. nóvember kl. 17.15 – 17.45**

Geir Sigurðsson s: 655-9000 löggiltur fasteignasali — FÉLAG FASTEIGNASALA — Aðalsteinn Steinþórsson s: 896-5865 aðstm. fasteignasala

**Traust þjónusta.**
Síðumúla 33 - 537-9000
husasalan.is - husasalan@husasalan.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Klettás 15 - Garðabæ**
**Glæsilegt raðhús á útsýnisstað**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**






Virkilega fallegt og vandað, arkitektahannað 188,4 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr á útsýnisstað við Klettás. Húsið er allt teiknað og hannað að innan af Birni Skaftasyni arkitekt og er mikið lagt í innréttingar og lýsingu. Náttúrugrjót er á gólfum í öllu húsinu og loft eru víða tekin niður með innfelldri lýsingu. Stofur og eldhús eru á efri hæð hússins og er mjög mikil lofthæð og útsýni frá stofum, eldhúsi og stórum flísalögðum svölum út af efri hæð. Á baklóð hússins er stór og vönduð viðarverönd og fallegur gróður. **Verð 84,9 millj. Virkilega vönduð eign á fallegum útsýnisstað sem vert er að skoða.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Atli Steinarsson**

blaðamaður,

lést á Landspítalanum 8. nóvember.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

**Anna Sigríður Vincens**
**Ása St. Atladóttir**
**Gunnar Þór Atlason** **Konný Agnarsdóttir**
**Atli Steinarr Atlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og bróðir

**Þorsteinn Jónsson**
**(stubbur)**

Keilusíðu 3f, Akureyri,

lést mánudaginn 6. nóvember.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 20. nóvember kl. 13.30.

**Guðrún Hulda Ragúels** **Heimir Hermannsson**
**Jóhann Gunnar Ragúels** **Íris Bjarnadóttir**
**Steinlaug Anna Þorsteinsdóttir**
**Árni Steinar Þorsteinsson**
**afabörn og systkini.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og kærleik
vegna andláts og útfarar ástkærs
eiginmanns, föður, tengdaföður
og Opa,

**Reinhold Paul Fischer**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans
við Hringbraut þann 28.10. 2017.
Sérstakar þakkir fær allt starfsfólk
gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir
einstaka umönnun og hlýju í garð fjölskyldunnar.

**Jóhanna A. Guðbjartsdóttir**
**Barbara D. Fischer** **Guðjón Magnússon**
**Andrea Bergmann** **Magnús Sigfússon**
**Sara Katrín, Jóhanna Andrea og Birgitta Ósk**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurborg Hlíf Magnúsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
mánudaginn 13. nóvember sl. Útför
hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13.

**Jón Kr. Óskarsson**
**Sigríður Ósk Jónsdóttir** **Ólafur S. Björnsson**
**Magnús R. Jónsson**
**Ásdís S. Jónsdóttir** **Sigurður H. Ívarsson**
**Óskar S. Jónsson** **Kristín Stefánsdóttir**
**Sigurbjörg G. Jónsdóttir** **Jón Ragnar Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Örn Ingólfsson**

fyrrv. framkvæmdastjóri,
Bogahlíð 8, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans
miðvikudaginn 8. nóvember.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn
17. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega
afþökkuð. Þeim sem vildu minnast hans er bent á
styrktarsjóð Söru Kristínar Arnardóttur (kt. 080115-2370).
Reikningsnúmer er 0111-05-262662.

**Lóa Gerður Baldursdóttir**
**Þórdís Arnardóttir** **Gunnlaugur Sigurjónsson**
**Herdís B.A. Diederichs** **Jürgen Diederichs**
**Örn Ingi Arnarson** **Sigríður Ákadóttir**
**Baldur Arnarson** **Zoë Robert**
**og barnabörn.**

# Þýski stórleikurinn sem aldrei varð að veruleika

**Áratugur er síðan skoðað var að spila leik Íslendingaliðanna Flensburg og Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta hér á landi. Stór hugmynd sem varð ekki að veruleika.**

Handknattleikssamband Íslands skoðaði fyrir áratug að fá leik Íslendingaliðanna Flensburg og Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta spilaðan í Egilshöllinni. Greint var frá málinu í Fréttablaðinu á þessum degi á því herrans ári 2007.

Fimm Íslendingar hefðu þá tekið þátt í leiknum en Alfreð Gíslason þjálfaði Gummersbach og þeir Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson léku með liðinu. Með Flensburg á þessum tíma léku þeir Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson.

Leikurinn var heimaleikur Flensburg og átti að leika hann 2. febrúar árið 2008. Heimavöllur liðsins, Campushalle, var upptekinn sama dag og því fóru forráðamenn félagsins að skoða aðrar og frumlegri hugmyndir um hvar leikurinn gæti farið fram.



Campushalle var upptekinn í febrúar 2008 og því þurfti Flensburg að finna nýjan heimavöll. Egilshöll kom til tals en ekki varð úr hugmyndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsti kostur félagsins var að spila leikinn í Danmörku en danska handknattleikssambandið var ekki spennt fyrir því. Þá var skoðað að færa leikinn til Svíþjóðar eða Noregs og síðar Íslands. Höfðu viðræður verið í gangi þegar fréttin birtist.

Samkvæmt henni átti leikurinn að fara fram í Egilshöll og kostnaðurinn var tugir milljóna, sem var ekki endilega mikil hindrun fyrir Íslendinga á þessum árum. Áhorfendur áttu að vera um tíu þúsund. Það tókst þó ekki að ná fé í þetta verkefni og því fór leikurinn aldrei fram.

„Þetta dæmi myndi kosta tugi milljóna og því þyrftum við góða styrktaraðila og velgjörðarmenn til að dæmið gengi upp. Draumurinn er að spila leikinn í Egilshöllinni fyrir framan þúsundir áhorfenda,“ sagði Hlynur Sigmarsson, þáverandi stjórnarmaður í HSÍ, í fréttinni. Hann var bjartsýnn en skömmu síðar kom í ljós að kostnaðurinn var einfaldlega of mikill fyrir þetta ævintýri. Trúlega í eina skiptið sem það gerðist árið 2007.




Sverre Jakobsson og Guðjón Valur Sigurðsson léku saman hjá Gummersbach.

**Þetta dæmi myndi kosta tugi milljóna og því þyrftum við góða styrktaraðila og velgjörðarmenn til að dæmið gengi upp.**

benediktboas@365.is



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Svanlaug Magnúsdóttir**

Hágerði 85,

sem lést á Landspítalanum 30. október
verður jarðsungin frá Kópavogskirkju
föstudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Rebekka Sigrún Guðjónsdóttir** **Björn Guðmundsson**
**Ragnheiður Guðjónsdóttir**
**Ásdís Guðjónsdóttir** **Ingólfur Þórisson**
**Helga Guðjónsdóttir** **Þröstur Helgason**
**Magnús Guðjónsson** **Guðríður Hlöðversdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
amma og langamma,

**Vilhelmína Vilhjálmsdóttir**

áður til heimilis á Hringbraut 34,
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
sunnudaginn 12. nóvember.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn
17. nóvember kl. 11. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Ásthildur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Þór Þorsteins**

framkvæmdastjóri,

lést mánudaginn 30. október á
Landakotsspítala. Útförin fer fram frá
Dómkirkjunni föstudaginn 17. nóvember
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast hans er bent á Dropann,
styrktarfélag barna með sykursýki.

**Dóra Egilson**
**Egill Þorsteins** **Marta Þórðardóttir**
**Karl Þorsteins** **Erla Traustadóttir**
**Snæfríð J. Þorsteins**
**og barnabörn.**



✝

**Sigurður Kr. Árnason**

húsasmíðameistari og listmálari,
Seltjarnarnesi,

lést laugardaginn 11. nóvember.
Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju
föstudaginn 24. nóvember klukkan 13.

**Vilborg Vigfúsdóttir**
**Þór Sigurðsson** **Birna Elísabet Óskarsdóttir**
**Árni Sigurðsson** **Kristín Björg Guðmundsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Geir Sigurðsson** **Yih Chern Tsai**
**Jelena Kuzminova**
**Helgi Sigurðsson** **Evelyn Consuelo Bryner**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Vetrarvörur
FL 1113D
GEL · AGM · LIQUID
Hleðslutæki og vaktarar fyrir allar gerðir rafgeyma.
YUASA
YBX 5000
YBX5096 12V 80Ah 760A
Yuasa rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða, snjósleða og fjórhjól.
Gates drifreimar fyrir Snjósleða og fjórhjól.
Rúðusköfur.
Ýmsar gerðir.
Startkapalar.
Margar gerðir.
Vaskur
Sérblandaður rúðuvökvi 5 l.
THULE
SWEDEN
Bretta- og skíðafestingar
LIQUI MOLY
5W-30 TOP TEC 4200
5W-30 TOP TEC 4300
5W-40
SYNTHOIL HIGH TECH
LIQUI MOLY
Efnavörur fyrir bíla
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Fremur hæg suðlæg átt í dag með rigningu eða slyddu suðaustanlands, þurrt að kalla fyrir norðan, en annars dálítil él. Frostlaust syðra, en annars nálægt frostmarki.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -4° | -3° |
| → 7 | ↗ 3 | → 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -2° | -7° |
| → 13 | → 8 | → 7 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -2° |
| ↓ 10 | ↓ 5 | ↓ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -1° | -4° |
| ↘ 7 | ↘ 15 | ↓ 9 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. örlög
6. svell
8. knæpa
9. farfa
11. íþróttafélag
12. óláns
14. hroki
16. í röð
17. flík
18. bál
20. til
21. brýna

**LÓÐRÉTT**
1. mælieining
3. tveir eins
4. limlesta
5. krass
7. ketilsig
10. hreinn
13. viðmót
15. óskuðu
16. hláku
19. tveir eins



**LÁRÉTT: 2.** sköp, **6.** ís, **8.** krá, **9.** lit, **11.** kr, **12.** ógæfu, **14.** dramb, **16.** þæ, **17.** slá, **18.** eld, **20.** að, **21.** ydda.
**LÓÐRÉTT: 1.** kíló, **3.** kk, **4.** örkumla, **5.** pár, **7.** sigdæld, **10.** tær, **13.** fas, **15.** báðu, **16.** þey, **19.** dd.

## Skák Gunnar Björnsson

Torbjörn Ringdal Hansen (5.719) átti leik gegn Nihil Kumar (2.274) á alþjóðlega Norðurljósamótinu.
**Hvítur á leik**
**22. Dxh5! f5** (22.... gxh5 23. Hg3+ Kh8 24. Rxf7#)
**23. Rxg6! 1-0.** Lokaumferð mótsins fer fram í dag. Kínverjinn Yinglun Xu er efstur fyrir lokaumferðina.
**www.skak.is** Norðurljósamótið.



#farasparabara

Drykk eða dekk?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu og þeim óvæntu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað.
**íslandsbanki.is/farasparabara**

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MURDER ON THE ORIENT EXPRESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 |
| THE SNOWMAN | KL. 10:10 | 16 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

| EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 5:40 - 8 - 10:40 | 16 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:15 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 10:20 | 12 |
| **AKUREYRI** | | |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 10:20 | 12 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

| KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 9 | 12 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 10:30 | 16 |
| MURDER ON THE ORIENT EXPRESS | KL. 8 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 7:30 - 10:15 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Tómas R. í Húnabúð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Húnabúð, Skeifunni
Tómas R. Einarsson tónskáld segir frá afa sínum og nafna og ömmu á Blönduósi, fer með ljóð og vísur eftir þau og flytur tónlist af diskum og myndskjá. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og kaffiveitingar í fundarlok.

**Hvað?** Syntagma Rembetiko í Mengi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Grísk þjóðlagamúsík á efnisskrá kvartettsins Syntagma Rembetiko í Mengi. Miðaverð er 2.000 krónur. Bókið miða í gegnum booking@mengi.net eða kaupið miða við innganginn.

**Hvað?** Geir Ólafs í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Enginn annar en Geir Ólafs mætir ásamt hljómsveit og heldur uppi stemningunni. Swing, latin & bolero í hávegum haft.

**Hvað?** Gamalt og nýtt fyrir sembal
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Á hádegistónleikum nóvembermánaðar í Salnum mun Guðrún Óskarsdóttir semballeikari flétta saman ólík verk frá barokktímanum og 21. öldinni. Á efnisskrá tónleikanna eru Prelúdía í F-dúr eftir Louis Couperin, Sónata í C-dúr, K132 eftir Domenico Scarlatti, La Sylva eftir Antoine Forqueray og töluvert nýrri verk fyrir sembal svo sem Danses achroniques eftir Kolbein Bjarnason og Custer's Last Stand eftir Dan Locklair.

**Hvað?** MÍT heiðrar Todmobile
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó
Á tónleikunum munu nemendur skólans flytja tónlist hljómsveitarinnar Todmobile frá ýmsum tímum en þess má geta að meðlimir Todmobile hafa allir sterk söguleg tengsl við skólana tvo sem saman mynduðu MÍT; Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH.

**Hvað?** Holy Hrafn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hlemmur Square, Laugavegi
HOLY HRAFN mun kukla í dýpstu krikum skakkra krakka, allra maðka og helgarpabba. Mamma. Geimkúrekablúsarinn Binni Bó verður með okkur.

**Hvað?** Arnold Ludvig kvartett á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans mun kvartett bassaleikarans Arnolds Ludvig koma fram. Kvartettinn samanstendur af tónlistarmönnum frá Íslandi og Færeyjum og mun hann leika blandaða dagskrá verka eftir Arnold af báðum sextettsplötum hans, VOYAGES og ICELAND. Tónlistinni mætti lýsa sem nútíma melódískum norrænum djassi þar sem ýmissa áhrifa gætir; gospel, latin og fusion. Ásamt Arnold koma fram saxófónleikarinn Jóel Pálsson, Kjartan Valdemarsson á píanó og trommuleikarinn Einar Scheving.



Geir Ólafs tekur lagið á Petersen svítunni.

### Viðburðir

**Hvað?** Back to the '80s dansþema
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Dans og kúltúr og Gaukurinn standa fyrir Back to the '80s þemapartíi í kvöld. Tilboð á barnum, danskennsla og smá sýning frá áhugadanshópi Dans og kúltúr. Lærðu dans, mingladu, flörtaðu og skemmtu þér í tímaflakki.

**Hvað?** Helga Arnalds segir frá Keníaferð sinni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Helga Arnalds og fjölskylda hennar stóðu á tímamótum í lífi sínu og þau ákváðu því að gera eitthvað skemmtilegt; eitthvað nýtt og spennandi sem þau höfðu ekki gert áður og sem víkkaði sjóndeildarhringinn. Kenía varð fyrir valinu þar sem vinkona þeirra, Þórunn Helgadóttir, rekur skóla fyrir fátæk börn. Þau heimsóttu skólana og heimili barnanna. Þar héldu þau sex námskeið í skuggaleikhúsi og skildu svo eftir græjurnar svo nemendur og kennarar skólans gætu haldið áfram að dansa, syngja og segja sögur með skuggum.



Einar Már fagnar útgáfu sinnar nýjustu bókar í Eymundsson í Austurstræti.

**Hvað?** Heimspekikaffi með Gunnari Hersveini
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Fullyrt hefur verið að undrun sé upphaf heimspekilegrar hugsunar. Efinn fylgir henni fast á hæla. Eftir það tekur við niðurrif eða uppbygging. Hvernig er hægt að efla uppbyggilegar aðferðir í hugsun, uppeldi og sjálfsþroska? Gunnar Hersveinn rithöfundur og Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur pæla saman í uppbyggilegum aðferðum til að takast á við hlutina og ræða m.a. jákvæða hugsun, neikvæða orðræðu og fjölbreytt samskipti. Þau ætla ekki að takast á enda ekki andstæðingar. Niðurstöður sem endast fást með mildilegum aðferðum en ekki hörku.

**Hvað?** Útgáfuboð: Passamyndir eftir Einar Má Guðmundsson
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti
Verið velkomin í útgáfuboð skáldsögunnar Passamyndir eftir Einar Má Guðmundsson. Léttar veitingar verða í boði, bókin á sérstöku kynningarverði og allir velkomnir.

**Hvað?** Listamannaspjall
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** SÍM, Hafnarstræti
Gestalistamenn SÍM bjóða alla velkomna á listamannaspjall.


Góða skemmtun í bíó









# Vildum bjarga þeim heimildum sem hægt væri

**Ljósi er brugðið á líf setuliðsins sem dvaldi á Íslandi í 55 ár, og áhrif þess, í heimildarmyndinni Varnarliðið – Kaldastríðsútvörður, saga Bandaríkjahers á Íslandi 1951 til 2006 sem frumsýnd er í Bíói Paradís í kvöld.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við erum þrír sem unnum að myndinni, meira og minna, Konráð Gylfason, Friðþór Eydal og ég. Við vildum bjarga þeim heimildum sem hægt væri," segir Guðbergur Davíðsson tökumaður nýrrar heimildarmyndar um veru bandaríska hersins á Íslandi sem frumsýnd verður í Bíói Paradís í kvöld klukkan 19.

„Guðbergur segir þá Konráð hafa séð um allt sem snýr að kvikmyndagerðinni og svo hafi þeir þremenningar hjálpast að með handritið. „Friðþór er með fróðustu mönnum um allt sem snýr að hernaðarbröltinu, þannig að við erum með réttar flugvélar á réttum stað og allt eins nákvæmt og vandað og hægt er," tekur Guðbergur fram.

Ísland gegndi mikilvægu hlutverki í varnaráætlunum bandalagsríkja NATO í norðurhöfum og herstöðin í Keflavík var í áratugi miðstöð kafbátaleitar og loftvarnaviðbúnaðar. Herliðið hafði aðsetur á landinu í 55 ár, frá 1951 til 2006 og var staðsett í afgirtri herstöð við Keflavíkurflugvöll. En var eitthvað sem kom Guðbergi á óvart þegar hann fór að kafa í heimildirnar? „Já, hvað starfsemi varnarliðsins var gríðarlega umfangsmikil og hvað hún hafði mikil áhrif á líf og menningu landsmanna, enda var dvölin mikið þrætuepli þjóðarinnar. Ég held að fáir hafi fyllilega gert sér grein fyrir hlutverki hersins."

Guðbergur er fæddur 1956 og man hluta þess tímabils sem herinn var hér. „Ég var á móti her í landinu og gæti trúað að við höfum verið í meiri hættu af því að hann var hér þegar kalda stríðið var upp á sitt versta. Þó var ég ekkert of upptekinn af þeim hugsunum í uppvextinum en man vel eftir því þegar almannavarnaflauturnar glumdu hér á þriggja mánaða fresti og svo voru leiðbeiningar um kjarnorkuvá í símaskránni lengi."

*Hvernig gekk ykkur að smala saman myndefninu?* „Það gekk í sjálfu sér vel en það var tímafrekt því við þurftum að fá það víða að. Leituðum í öllum söfnum sem okkur duttu í hug, bæði innan lands og utan. Friðþór vann sem upplýsingafulltrúi varnarliðsins um árabil og samskiptin við bandaríska herinn voru í gegnum hann. Þannig komumst við inn í öll söfn í Bandaríkjunum og þar er búið að gramsa í öllu sem hægt er að gramsa í. Við erum því með mikið af áður óbirtu myndefni."



Kvikmyndagerðarmennirnir Guðbergur og Konráð leggja sig fram um að gefa sem réttasta mynd af lífi setuliðsins hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Ungir menn voru sendir til Íslands í hálfgerða einangrun.

Myndin er 88 mínútur að lengd og í henni er meðal annars rætt við fyrrverandi liðsmenn og íslenska starfsmenn varnarliðsins.

Spurður hvort þeir félagar fari eitthvað ofan í ástamál eða önnur persónuleg mál, svarar Guðbergur: „Við erum með nokkrar sögur, ekki kannski mikið um ástamál, en þó kemur ýmislegt fram um samskipti hermanna og Íslendinga, bæði á menningar-og félagslegu sviði. Þetta er löng saga og hún er ekki eins á öllum tímabilum. Fyrst voru hermennirnir mest einhleypir strákar í verkamannavinnu, þeir voru mjög einangraðir og fengu bara að fara út af svæðinu á Miðnesheiði á miðvikudögum. Seinna fluttu fjölskyldur á svæðið, það fór lítið fyrir þeim en þær nutu meira frelsis en herinn gerði í upphafi.

Við minnumst líka aðeins á radarstöðvarnar úti á landi og sýnum mest frá þeirri sem var á Hornströndum. Meiri gat nú einangrunin varla orðið en þar."

Þulur myndarinnar er Sigurþór Heimisson leikari. Framleiðandi er Ljósop ehf. og meðframleiðandi KAM film.

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN FRAMLEIÐSLA

FYRSTI VALKOSTUR
Í STAÐ NAGLADEKKJA
ER GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKKIN




– Sænska öryggisprófið staðfestir það svo um munar auk fjölda ánægðra viðskiptavina. Björgunasveitin á Flúðum hefur notað Green Diamond í marga vetur. Green Diamond harðkornadekkin eru réttu dekkin til að leysa nagladekkin af hólmi á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru endurunnin og valda ekki svifryki eins og nagladekk og má nota allt árið.

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

GARÐABÆR | ISAVIA | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum | * www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

# Ein í kotinu

**BÆKUR**

**Ekki vera sár**
★★★☆☆

**Kristín Steinsdóttir**

**Útgefandi:** Vaka-Helgafell
**Prentun:** Bookwell, Finnlandi
**Síðufjöldi:** 212
**Kápuhönnun:** Alexandra Buhl




Aðalsöguhetja nýjustu bókar Kristínar Steinsdóttur, Ekki vera sár, er kennslukonan fyrrverandi og eftirlaunaþeginn Imba sem þarf að horfast í augu við það að lífið hefur ekki farið eins og hún hefði kosið. Hér kveður við nýjan tón samanborið við síðustu skáldsögur Kristínar en Ekki vera sár minnir hins vegar um margt á hina stórgóðu Á eigin vegum frá árinu 2006 og einnig fleiri nýlegar bækur um konur sem komnar eru af allra, allra léttasta skeiði. Hér hef ég ekki síst í huga bækur sem falla í flokk maddömubóka (e. matron literature) en þá er um að ræða bækur um konur á aldrinum 45-65 ára sem standa á krossgötum, og finna sig knúnar til að endurmeta líf sitt. Feminísk þemu eru ekki óalgeng í maddömubókum og boðskapurinn oft sá að konur eiga ekki að bíta á jaxlinn og þegja heldur láta í sér heyra – og það er aldrei of seint að gera það. Um þetta fjallar Ekki vera sár því hvað verður um konu þegar hún er komin á eftirlaun, börnin flogin úr hreiðrinu og eiginmaðurinn – með þúsundaþjalaheilkennið – neitar að koma heim úr sumarbústaðnum? Hvað gerist þegar þessi sama kona hefur, að því er virðist, óendanlegan tíma til að gera upp fortíðina, spá í framtíðina og efast um daginn í dag?

Ekki vera sár er lágstemmd bók og ljúft að lesa hana. Textinn líður áfram og lesandinn kynnist Imbu og hennar fólki smám saman, bæði í nútíð og fortíð og skilur betur frá kafla til kafla hvers vegna hún er gripin óþoli yfir lífi sínu og tilveru. Einkum var ég hrifin af því að lesa um barnið og unglinginn Imbu en sú frásögn eykur ekki aðeins skilning lesenda á tilfinningum Imbu heldur spegla fortíð og nútíð hvor aðra á fallegan hátt og varpa ljósi á fleiri persónur. Þess utan er Kristín lagin við að setja sig í spor yngri persóna eins og allir vita sem lesið hafa barnabækur hennar. Bernskuminningarnar eru án efa besti hluti bókarinnar.

Persónur bókarinnar afmarkast við ættingja og nánustu vini Imbu. Áhugaverðastir eru faðir aðalsöguhetju og eiginmaður hennar. Faðirinn er sjómaður, ansi blautur, og ræður ekki við ábyrgðina sem því fylgir að vera heimilisfaðir. Imba, sem og aðrir fjölskyldumeðlimir, líður fyrir það og hún ásetur sér að hennar eigin fjölskylda skuli ekki liðast í sundur líka. Þetta er meðal annars ástæða þess að hún hefur lengi setið í óhamingjusömu hjónabandi. Samskipti hjónanna, þeirra Imbu og Jónasar, eru ansi stirð en Jónas er sú persóna sem ég átti hvað erfiðast með að ná tengslum við, fannst hann ekki dreginn nógu skýrum línum. Á hið sama við um börn Imbu en á móti kom að gamlir kærastar og sénsar mynduðu skemmtilegt mótvægi við eiginmanninn og eru jafnframt táknrænir fyrir það hvernig lífið hefði getað orðið.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ljúfasta saga og vel þess virði að lesa um konu sem loksins, loksins fer að hugsa um sjálfa sig.

# Grísk þjóðlagatónlist sem margir þekkja

Hljómsveitin Syntagma rembetiko heldur tónleika í Mengi við Óðinsgötu í kvöld klukkan 21. Hún sérhæfir sig í þjóðlagatónlist Grikkja, svokallaðri rembetiko tónlist sem Íslendingar þekkja best úr myndinni um Grikkjann Zorba. Slík tónlist hljómar frá kaffihúsum og sólarströndum Grikklands og er samofin grískri þjóðarsál.

Hljómsveitin var stofnuð í júní síðastliðnum og þetta eru tónleikar hennar númer tvö. Hana skipa þau Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir fiðla, Alexandra Kjeld kontrabassi, Margrét Arnardóttir harmóníka og Ásgeir Ásgeirsson bouzouki.

Ásgeir hefur nýverið gefið út disk með íslenskum þjóðlögum sem nefnist Two Sides of Europe, þar semur hann nýja kafla við íslensku þjóðlögin og útsetur á alveg nýjan hátt fyrir íslensk/tyrkneskan hljóðheim og hljómsveit. Leikið verður lag af diskinum í kvöld.

Tónleikarnir byrja klukkan 21. Aðgangseyrir er 2.000 krónur og gestir fá óvæntan glaðning með miðanum.

**– gun**


Alexandra, Sigrún Kristbjörg, Margrét og Ásgeir skipa hljómsveitina.





ÍSSKÁPASTRÍÐ
KL. 20:00
Eva Laufey og Gummi Ben fá til sín góða gesti í fjörugasta matreiðsluþátt landsins og eins og fyrri daginn eru það matreiðslusnillingarnir Hrefna Sætran og Siggi Hall sem sjá um dómgæsluna.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

JAMIE´S 15 MINUTE MEALS
KL. 19:30
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



GREY´S ANATOMY
KL. 20:40
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



TEN DAYS IN THE VALLEY
KL. 21:30
Farsæll sjónvarpsframleiðandi stendur í erfiðu skilnaðarmáli og skyndilega snýst veröld hennar á hvolf, bæði í vinnu og einkalífi. Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í aðalhlutverki.



WENTWORTH
KL. 22:15
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.



NASHVILLE
KL. 23:05
Frábærir þættir þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



MEET JOE BLACK
BÍÓ
KL. 22:00
Skemmtileg mynd um unga konu sem kynnist manni á förnum vegi en hann virðist ekki kannast við hana þegar þau hittast aftur undir öðrum kringumstæðum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Heiða
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** My Dream Home
**11.05** Bomban
**12.05** Eldhúsið hans Eyþórs
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.25** Grantchester
**14.15** The Night Shift
**15.00** Major Crimes
**15.45** Anger Management
**16.10** Nettir Kettir
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** Ísskápastríð Önnur syrpa þessara skemmtilegu matreiðsluþátta í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben. Í hverjum þætti fá þáttastjórnendur til sín keppendur sem þeir skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þeir að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni sem þeir þurfa að vinna úr innan ákveðins tímaramma til að töfra fram girnilega rétti. Að lokum fellur það í hlut dómaranna Sigga Hall og Hrefnu Sætran að velja sigurvegara kvöldsins.
**20.30** Grey's Anatomy Fjórtánda syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**21.15** Ten Days in the Valley
**22.00** Wentworth
**22.50** Nashville
**23.35** Crashing
**00.55** The Blacklist
**01.40** The Mysteries of Laura
**02.25** Married
**02.50** Dirty Weeekend
**04.20** Search Party

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** Katar - Ísland
**09.05** Írland - Danmörk
**10.45** Premier League Review
**11.40** Messan
**13.05** Fjölnir - Afturelding
**14.35** Seinni bylgjan
**16.10** Írland - Danmörk
**17.50** Markaþáttur Undankeppni HM 2018
**18.20** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.45** Gary Neville's Soccerbox
**19.20** FH - ÍBV
**21.00** Katar - Ísland

## STÖÐ 2 SPORT 2

**10.30** 1 á 1
**11.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**11.35** Gary Neville's Soccerbox
**12.05** NBA - Bill Russell
**12.55** Valur - Stjarnan
**14.40** Sviss - Norður-Írland
**16.20** Grikkland - Króatía
**17.50** Grindavík - KR
**19.20** Domino's-körfuboltakvöld
**20.55** Markaþáttur Undankeppni HM 2018
**21.25** Grótta - Selfoss
**23.05** FH - ÍBV

## STÖÐ 3

**17.30** Gilmore Girls
**18.15** The New Girl
**18.40** Fresh Off the Boat
**19.05** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**19.55** Friends
**20.20** Besta svarið
**21.00** Flash
**21.45** Cold Case
**22.30** Killer Women with Piers Morgan
**23.20** Gotham
**01.05** Seinfeld
**01.30** Friends
**01.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Hvellur keppnisbíll
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** K3
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** Tindur
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Elías
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Hvellur keppnisbíll
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** K3
**13.11** Víkingurinn Viggó
**13.25** Tindur
**13.36** Mæja býfluga
**13.48** Elías
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Hvellur keppnisbíll
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** K3
**17.11** Víkingurinn Viggó
**17.25** Tindur
**17.36** Mæja býfluga
**17.48** Elías
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Skoppa og Skrítla í bíó



Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** Golfing World
**07.50** OHL Classic at Mayakoba
**12.40** PGA Highlights
**13.35** Golfing World
**14.25** Blue Bay LPGA
**18.20** 2017 Playoffs Official Film
**19.10** Golfing World
**20.00** Champions Tour Highlights
**20.55** Abu Dhabi Ladies Open
**23.55** Golfing World
**00.45** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10** Reach Me
**12.45** Woodlawn
**14.50** Mamma Mia!
**16.40** Reach Me Dramatísk mynd frá 2014 með Sylvester Stallone, Kyru Sedgwick og Kevin Connolly svo fáeinir séu nefndir. Í myndinni eru sagðar nokkrar sögur af ólíkum einstaklingum sem þekkjast lítið eða ekkert innbyrðis við upphaf myndarinnar en eiga það sameiginlegt að verða fyrir miklum áhrifum af boðskap dularfullrar bókar sem enginn veit þó hver skrifaði.
**18.10** Woodlawn
**20.10** Mamma Mia! Ein vinsælasta dans- og söngvamynd síðari ára með Amöndu Seyfried, Meryl Streep, Colin Firth og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum. Myndin gerist á Grikklandi þar sem Sophie ætlar að halda draumabrúðkaup sitt en langar að hafa uppi á föður sínum fyrir daginn stóra.
**22.00** Meet Joe Black
**02.40** Pressure
**04.10** Meet Joe Black

## RÚV

**16.55** Neytendavaktin
**17.25** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.12** Klaufabárðarnir
**18.19** Sanjay og Craig
**18.45** Lautarferð með köku
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Tungumál framtíðarinnar
**20.35** Kiljan
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Atari: Leik lokið
**23.25** Kveikur
**00.05** Kastljós og Menningin
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.23** Dr. Phil
**09.10** The Tonight Show
**09.54** The Late Late Show
**10.38** Royal Pains
**11.24** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**13.56** Extra Gear
**14.25** Top Chef
**15.16** Life in Pieces
**15.40** Survivor
**16.28** Everybody Loves Raymond
**16.52** King of Queens
**17.16** How I Met Your Mother
**17.38** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.55** Will & Grace
**20.20** Ný sýn - Hannes Þór Halldórsson
**21.00** This is Us
**21.45** Salvation
**22.30** Difficult People
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**01.05** Remedy
**01.50** Chicago Justice
**02.35** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**03.20** Better Things
**03.50** This Is Us
**04.35** Salvation
**05.20** Difficult People
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# VEGETARIAN PLUS

## GRÆNMETISRÉTTIR SEM ALLIR NJÓTA

VEGAN




Vegetarian Plus Ginger Chicken Vegan · Vegetarian Plus Kung Pao Chicken Vegan · Vegetarian Plus Chicken Tikka Masala Vegan · Vegetarian Plus Orange Chicken Vegan · Vegetarian Plus Black Pepper Steaks Vegan · Vegetarian Plus Citrus Sparerib Cutlets Vegan · Vegetarian Plus Thai Lemongrass Fish Vegan · Vegetarian Plus Shrimp With Sweet Chili Sauce Vegan

VEGAN




**TOFURKY**

Tófú pylsur og álegg.

VEGAN




**FOLLOW YOUR HEART**

„Ostur", dressingar og „majónes".

VEGAN




**DAIYA PIZZUR**

Stökkur glútenlaus botn, bragðgóð pizzasósa og álegg sem gerir þessar pizzur að veislu fyrir bragðlaukana.

VEGAN




**EARTH BALANCE**

Smyrjur.

VEGAN




**LENNY & LARRY´S THE COMPLETE COOKIE**

6 bragðgóðar tegundir, hver annari betri.

VEGAN




**DR. PRAEGER´S**

Grænmetis og bauna borgarar.

VEGAN




**BEN & JERRY´S**

P.B & Cookies, Coffee Caramel Fudge, Chocolate Fudge Brownie og Chunkey Monkey

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*




Hrein húsgögn fyrir jólin
Hreinsum stóla, sófa, dýnur, rúm, mottur og margt fleira.


Verum tímanlega í ár
Mygluþrif og lyktareyðing á öllum ökutækjum og oson-meðferð ef þess þarf.
Hreinsandi fyrir alla muni
Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

LOKSINS ERU ÞÆR KOMNAR
yfirhafnirnar og vinsælu vetrarbuxurnar

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX




# Eiturlyf, eldhætta, unglingadrykkja og skelfilegur frágangur

**Borgarráð Reykjavíkur hefur fengið tíu umsagnir um tónlistarhátíðina Secret Solstice. Borgaryfirvöld munu nú fara yfir umsagnirnar og taka afstöðu til þess hvort áframhald verður. Miðasala er hafin á hátíðina 2018.**

Hverfisráð Laugardals gerir alvarlegar athugasemdir við það verklag og vinnubrögð að auglýsa tónlistarhátíðina Secret Solstice án samráðs við borgina. Tónlistarhátíðin var tekin fyrir á borgarráðsfundi í síðustu viku og lokaskýrslur tíu aðila skoðaðar.

Þar kemur ýmislegt miður fallegt í ljós. Í lokaskýrslu Þróttar kemur fram að frágangur eftir gleðina tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir. „Umgengnin á svæðinu var vægast sagt hræðileg og tiltekt og lagfæringar á völlunum tóku alltof langan tíma. Illa gekk að ná sambandi við forsvarsmenn hátíðarinnar varðandi tiltekt á svæðinu og þegar náðist í þá forsvarsmenn þá voru viðbrögðin hæg og léleg," segir í skýrslu Þróttar.

Þar kemur einnig fram að gert hafi verið ráð fyrir að svæðið yrði ekki nýtt til æfinga frá 5. júní til 19. júní en æfingar hófust 26. júlí eða skömmu fyrir hina alþjóðlegu Rey Cup. „Verði af hátíðinni að ári þarf að leggja alla áherslu á og tryggt að gengið verði hratt og vel til verks við frágang eftir hátíðina, Laugardalurinn hreinsaður af rusli og búnaður allur fjarlægður, skemmdir verði lagfærðar og æfingasvæðið geti verið tilbúið til notkunar ekki seinna en viku eftir hátíðina," segir enn fremur.

Í umsögn stjórnar Íbúasamtaka Laugardals kemur fram að íbúar voru ósáttir við nokkra grunnþætti eins og að svæðið í dalnum, sem var tekið undir hátíðina, hafi verið of stórt. Hátíðargestir hafi komið sér fyrir á skóla- og leikskólalóðum til áfengis- og vímuefnaneyslu. „Eftir hátíðina voru þrif í dalnum og aðlægri íbúðarbyggð og frágangur ófullnægjandi og gekk hægt. Viku eftir tónleika, á

## Samantekt rölthópa á og í kring um Secret Solstice

**Fimmtudagur 15. júní**
**21:00** „Stór hópur af krökkum. Löggreglan tekur hóp af áttundu bekkingum á tal. Hópur af strákum úr 9. og 10. bekk úr Tjörninni. Stelpuhópur úr Tjörninni – vape nation (rafrettustelpur). Löggan með afskipti af strákum úr T og KM."
**21:30** „Mikið af unglingum á svæðinu."
**22:00** „Foreldrarölt tilkynnti um mikla neyslu í nærumhverfi hátíðarinnar. Gengu fram á menn að sprauta sig, fundu mikið af notuðum nálum og jónum."
**23:00** „Mikið um unglinga að reykja. 10. bekkingar úr Hagaskóla og Háteigsskóla – engin sjáanleg drykkja, bara vape og sígó. Mikið af krökkum á grunnskólaaldri en ekki sýnileg drykkja en mikið af fólki á fyrstu árum menntaskóla vel ölvað."

**Föstudagur 16. júní**
**20:00** „Á móti okkur tók stór hópur af 10. bekkingum úr KM að drekka. Og stór hópur af krökkum úr Tjörn að mæta og sameinast KM boys. Rétt fyrir hittum við 8. bekkinga úr KM og Tjörn."
**22:00** „Löggan fór baksviðs að horfa á Foo fighters. Við röltum um svæðið."
**22:30** „Sjúkratjaldið hringdi: 16 ára stelpa ofurölvi tekin inn í athvarf. Security með 17 ára kvk. ofurölvi, fylgt inn í athvarf."
**23:00** „Fjórar stelpur úr Hagaskóla – drunk. Ekki nógu ölvaðar til að lögregla vildi taka þær inn í athvarf."
**23:30** „Mikil hópamyndun við stigainnganginn. Mikil drykkja, löggan í öðrum verkefnum."



**Laugardagur 17. júní**
**20:15** „Hittum nokkra unglinga (8.-9. bekk) að deila bjór í glasi. Drifu sig burt."
**20:20** „Hittum nokkra í Hagó að tjilla og veipa. Sáum rosalega mörg ungmenni á menntaskólaaldri undir miklum áhrifum og með áfengi sem þau keyptu á barnum."

**Sunnudagurinn 18. júní**
**20:30** „Hittum ungling fæddan 2001 úr Tjörninni (ekki með armband) með drykk. Ekki sjáanlega drukkin. Hún fór undan í flæmingi. Ræddum við lögregluna sem hafði ekki tíma til að tékka á henni að svo stöddu. Hittum marga unglinga,


**Notkun Grasagarðsins breytist skömmu fyrir hátíðina og borga menn jafnvel kaffibolla**






flestir í fínum málum og mjög mörg drukkin ungmenni fædd 1999-2000."
**21:25** „Hittum 2 drukknar stúlkur úr Tjörninni, báðar fæddar 2001 í áhorfendaskaranum fyrir framan stóra sviðið. Heyrðum í athvarfinu og mátum sem svo að mikilvægast væri að skipta liði og hitta á lögguna. Okkur fannst mjög mikilvægt að vera á svæðinu kringum stóra sviðið á þeim tíma þar sem þar var greinilega yngsti hópurinn allur samankominn."
**22:00** „Hittum armbandslausa unglinginn aftur, aftur með drykk af barnum og orðin nokkuð ölvuð."
**00:55** Rölti lokið



a með stórum seðlabúntum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

útskrift Háskóla Íslands, voru enn tólf ferðakamrar á gangstéttinni framan við Laugardalshöllina," segir í umsögninni.

Á minnisblaði vegna miðbæjarathvarfsins, sem er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kemur fram að gönguhópar voru starfandi í fyrsta sinn. Þar segir að eitt barn hafi komið í athvarfið hvort kvöld sökum ölvunar og annað kvöldið kom auk þess einstaklingur á 19 ári vegna ölvunar. Lögreglan færði tvo unglinga af hátíðarsvæðinu þann 15. júní vegna ölvunar.

„Nokkuð var um unglinga á hátíðarsvæðinu sem höfðu ekki aldur til að vera þar og töluvert af unglingum voru undir áhrifum vímugjafa inni á hátíðinni. Virtust unglingar eiga auðvelt með að nálgast áfengi inni á hátíðarsvæðinu. Þó nokkur erill var hjá lögreglu á tónlistarhátíðinni og var það helst vegna ölvunar og fíkniefnamála en hátt í 50 fíkniefnamál komu upp sem talsverð vinna fór í. Það er mat undirritaðra að hátíðarsvæði hafi verið allt of stórt, auka þurfi eftirlit með sölu áfengis á hátíðinni ásamt því að auka gæslu á svæðinu sem og þjálfun þeirra sem sinntu gæslu á staðnum."

**50**

**FÍKNIEFNAMÁL KOMU UPP Á HÁTÍÐINNI SECRET SOLSTICE.**

Í umsögn Grasagarðsins kemur fram að vikurnar fyrir hátíðina breytist notkun garðsins og í raun dalsins. „Ákveðin sala sem ef til vill áður dreifðist á bílastæði í dalnum er komin á bekki og íverusvæði Grasagarðsins. Í fyrra tókum við eftir fólki sem sat á bekkjum sem jafnvel voru í skugga og dvöldu þar langtímum. Eitthvað hefur verið um að starfsfólk kaffihússins taki eftir stórum seðlabúntum dregin upp úr vösum við borgun kaffibolla og lykt af hassreykingum skýtur upp kollinum hingað og þangað. Smáskammtapokar eru á víð og dreif og við höfum að minnsta kosti gert tvo felustaði fíkniefna upptæka.

Eftir hátíðina heldur fólk áfram að sækja á undarlega staði í garðinum, dvelja í rjóðrum og safnast á staði sem gjarnan eru úr alfaraleið," segir meðal annars.

Hverfisráð Laugardals leggur mikla áherslu á að hátíðin verði aftur þrír dagar en ekki fjórir. Þá er hátíðarsvæðið sagt vera of stórt og sérstaklega verði þess gætt að leiksvæði og skólalóðir séu hreinsaðar fyrir mánudagsmorgun. Einnig er vakin athygli á ítrekuðum athugasemdum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi of mikla ruslsöfnun sem skapar eldhættu." **benediktboas@365.is**











**ÉG SAGÐI AÐ NÚ VÆRI KOMIÐ GOTT AF LÉLEGUM KEPPNUM OG ÉG SÆTTI MIG EKKI VIÐ NEITT NEMA GÓÐAR KEPPNIR.**

# Sigurvegarinn fær afnot af lúxusíbúð í New York í heilt ár

Fegurðardrottningin **Arna Ýr Jónsdóttir,** fyrrverandi ungfrú Ísland og núverandi Miss Universe Iceland, keppir fyrir hönd Íslands í Miss Universe sunnudaginn 26. nóvember en keppnin fer fram í Las Vegas.

Hún er svo 1000% tilbúin í þetta, segir Manuela Ósk Harðardóttir, eigandi Miss Universe Iceland, en hún hefur dvalið með Örnu Ýri Jónsdóttur úti í Las Vegas þar sem keppnin verður haldin. Manuela hefur verið Örnu innan handar með undirbúninginn, en lokakvöld keppninnar fer fram á hótelinu Planet Hollywood Casino.

„Við erum 93 sem keppum um titilinn Miss Universe. Það er heilmikil samkeppni en góður andi í hópnum,“ segir Arna Ýr sem er alls ekki óvön keppnum af þessu tagi. Frægt er að hún dró sig út úr keppninni Miss Grand International á síðasta ári eftir að eigandi þeirrar keppni gerði athugasemd við holdafar hennar. Á þeim tímapunkti var hún staðráðin í að taka aldrei aftur þátt í keppni af þessu tagi en um ákvörðun sína um að taka þátt í Miss Universe sagði Arna Ýr í viðtali sem birtist við hana á Vísi fyrr í haust: „Ég sagði að nú væri komið gott af lélegum keppnum og ég sætti mig ekki við neitt nema góðar keppnir. Það er það sem fólk er að misskilja. Ég ætlaði bara að hætta að láta mig hafa eitthvað sem ég væri ekki að fíla. Þessi keppni var númer 1, 2 og 3 æðisleg og þess vegna er ég í þessu.“

Þær stöllur Manuela og Arna Ýr eru duglegar að setja inn myndir á Instagram og Snapchat (@manuelaosk) – Arna er með snappið fyrir Miss Universe Iceland (@missuniverseice) og þar geta áhugasamir fylgst með því sem gerist bak við tjöldin.

„Ég nýt hverrar mínútu hérna, þetta hefur verið meiriháttar reynsla og allt allt annað en í fyrra. Það er heilmikill undirbúningur fyrir svona keppni, eitthvað sem maður gerir ekki einn. Manuela og Jorge (annar af eigendum Miss Universe Iceland) hafa stutt vel við bakið á mér og leitt mig áfram í þessu ævintýri.“

Það er til mikils að vinna og stúlkan sem hlýtur titilinn Miss Universe mun fá afnot af lúxusíbúð í New York í heilt ár og jafnframt fá laun þann tíma. Aðstandendur Miss Universe eru með heilmikla góðgerðarstarfsemi og verður eitt meginhlutverk stúlkunnar sem vinnur að vera sendiherra keppninnnar og sinna ýmsum góðgerðarstörfum víðsvegar um heiminn. Keppnin verður í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni FOX og henni verður líka streymt á netið.



**Arna Ýr fær mikla athygli og er undantekningalaust spáð í topp tíu.**



**Manuela Ósk Harðardóttir, eigandi Miss Universe Iceland, og Arna Ýr Jónsdóttir eru klárar fyrir keppnina í lok mánaðarins.**

**astahrafnhildur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# TVEIR GÓÐIR DÍLAR

## HVOR HENTAR ÞÉR?




AÐEINS 22 ÞÚS Á MÁNUÐI*

GÓÐUR BÍLL FRÁBÆR DÍLL

VERÐ KR. 1.590 ÞÚS.

## TOYOTA YARIS 2016

**EKNIR 42-56 ÞÚS**

**KAUPAUKI** AÐ VERÐMÆTI **200.000**

- √ NÝJAR 14" ÁLFELGUR
- √ NÝ VETRARDEKK
- √ FILMUR Í AFTURGLUGGUM




AÐEINS 24 ÞÚS Á MÁNUÐI*

GÓÐUR BÍLL FRÁBÆR DÍLL

VERÐ KR. 1.890 ÞÚS.

## TOYOTA YARIS 2017

**EKNIR 25-30 ÞÚS**

**KAUPAUKI** AÐ VERÐMÆTI **250.000**

- √ NÝJAR 15" ÁLFELGUR (svart/silfraðar)
- √ NÝ VETRARDEKK
- √ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

**Komið** og reynsluakið

√ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð*** √ Allt að 100% lánamöguleiki**** √ Til í ýmsum litum √ Handfrjáls búnaður (bluetooth)

√ Góð endursala √ Tökum bíla uppí √ Allir bílar með USB og AUX

Búnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn sölubílum - Takmarkað magn

* Miðað við 20% útborgun í 84 mánuði - Yaris 1,0 bensín, beinskiptir - Kynntu þér lánamöguleika hjá sölumönnum okkar

**586 1414**

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

**STÓRA BÍLASALAN**

*...á verði fyrir þig!*

# Opið í dag 10-22




**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



CHRISTMAS-JÓLAKÚLUR. Jólakúlur hvítar, rauðar eða grænbláar. 2.495 kr. Nú 1.871 kr.




EDELMAN-FROSTDALE JÓLATRÉ. H185 cm. 39.995 kr. Nú 29.996 kr. Með LED ljósum. H 185 cm. 59.995 kr. Nú 44.996 kr. Einnig til í fleiri stærðum.



GYTHA-JÓLAGÆS. H21 cm. 3.495 kr. Nú 2.621 kr. H30 cm. 4.495 kr. Nú 3.371 kr. H43 cm. 5.995 kr. Nú 4.496 kr.

CHRISTMAS-JÓLATRÉ.
H28 cm. 1.995 kr. Nú 1.496 kr.
H22 cm. 1.495 kr. Nú 1.121 kr.
H16,5 cm. 695 kr. Nú 521 kr.






CHRISTMAS-AÐVENTUKERTI. Númeruð. Rauðir eða silfurlitaðir tölustafir. 10x5 cm. 3.495 kr. Nú 2.621 kr.



CHRISTMAS-HREINDÝR. H22 cm. Silfurlituð. 2 gerðir. 2.495 kr./stk. Nú 1.871 kr.



RECO-HREINDÝR.
H39 cm. 1.795 kr.
Nú 1.346 kr.
H25 cm. 695 kr. Nú 521 kr.

## EFTIR KL. 18:30

Vínkynning og súkkulaði í boði Karls K.Karlsson

Valdís verður á staðnum og gefur ís

Jólaöl, piparkökur og súkkulaði




AGNES-LJÓS. 6,5 cm. Glært. 2.795 kr. Nú 2.096 kr. Einnig til jólatré.




OLINA-JÓLATRÉ með ljósi. Notar CR2032 rafhlöðu.
10 cm. 2.495 kr. Nú 1.871 kr. 12,5 cm. 2.995 kr. Nú 2.246 kr.
15,5 cm. 3.495 kr. Nú 2.621 kr.

**GLAÐNINGUR FRÁ ILVA**
Opnum kl. 10
Fyrstu 100 sem versla fá veglegan gjafapoka.



CHRISTMAS-JÓLATRÉ
með LED ljósi.
H15 cm. 795 kr. Nú 596 kr.
H20 cm. 1.395 kr. Nú 1.046 kr.



CHRISTMAS-UGLUR á grein. 20x16 cm.
5.995 kr. Nú 4.496 kr.






CHRISTMAS-VINTERGATAN. Pappastjarna. Ø60 cm.
2.995 kr. Nú 2.246 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

Netgíró | Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG.
BORGAÐU Í FEBRÚAR.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Kórar Íslands

Eitt sinn um þetta leyti árs þegar ég var 14 ára gömul kom í ljós að Marsibil á Grund var orðin eina altröddin í kirkjukórnum í sveitinni. Þetta var ófremdarástand og faðir minn sem var starfandi sóknarprestur linnti ekki látum fyrr en ég var komin á æfingu, langyngst, við hliðina á Marsibil sem söng hátíðartón sr. Bjarna með sinni rámu en styrku rödd upp í eyrað á unglingnum.

Ég get ekki sagt að þetta hafi aukið áhuga minn á tónlist enda var ég að hlusta á Wham, Boy George og Annie Lennox. En það sem vakti áhuga minn var að vera tekin gild í samfélagi hinna fullorðnu og finna hve vel kórfélagar í Laufáskirkju kunnu að meta það að ég skyldi mæta á æfingar og standa mína plikt við jólahelgihaldið þegar að því kom.

Ég hef notið þeirrar gleði á síðustu vikum að fylgja eftir Gospelkór Jóns Vídalíns í keppninni Kórar Íslands og það hefur yljað mér að sjá unga fólkið mitt innan um allt þetta reynslurika fullorðna fólk sem hefur sungið í kórum árum og áratugum saman sjálfu sér og öðrum til gleði. Eitt af því sem þátttaka í Þjóðkirkjunni gefur er stuðningur við tónlistarlíf þar sem einstaklingar á öllum aldri fá tækifæri til tónlistarmenntunar í gegnum kórsöng. Við í Vídalínskirkju í Garðabæ erum stolt að geta sagt að þar stundi fólki á aldrinum 7 til 87 ára vikulegar söngæfingar. Þar er kynslóðabilið svo sannarlega brúað.

Tónlist færir sálarfrið og því er hún ómissandi í mannlífinu og ríkur þáttur í lífi og starfi kristinnar kirkju um allan heim. Guðfræðingurinn Sören Kierkegaard sagði eitt sinn: „Þangað sem geislar sólar ná ekki geta tónarnir náð.“ Mig langar að þakka Stöð 2 fyrir þennan séríslenska sjónvarpsþátt um kórastarf í landinu. Vel gert!




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS




